



Landlæknisembættið
Directorate of Health

MENNINGARHEIMAR MÆTAST

ÁHRIF TRÚAR, MENNINGAR OG ARFLEIFÐAR
Á SAMSKIPTI OG MÆDFERÐ
INNAN HEILBRIGÐISÞJÓNUSTUNNAR

MENNINGARHEIMAR MÆTAST

ÁHRIF TRÚAR, MENNINGAR OG ARFLEIFÐAR
Á SAMSKIPTI OG MEÐFERÐ
INNAN HEILBRIGÐISÞJÓNUSTUNNAR

Þorbjörg Guðmundsdóttir
Vilborg Ingólfssdóttir

Reykjavík
Landlækniseimbættið
Landspítali - háskólasjúkrahús
Júní 2001

Efnisyfirlit

INNGANGUR	5
Gyðingdómur	7
Búddismi	13
Islam — (Múhameðstrú)	20
Hindúismi	27
Kaþólska kirkjan	34
Rétttrúnaðarkirkjan	39
Bahá'íar	45
Mormónar - Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu	50
Vottar Jehóva	54
Taóismi	59
Heimskort	
Heimildir	65

Útgefendur: Landlæknisembættið og
Landspítali - háskólasjúkrahús
Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.
Kápa: Inn hf.
ISBN 9979-9392-7-3

Verkefnið hlaut styrk frá gæðaráði Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins

INNGANGUR

Á skömmum tíma hefur íslenskt þjóðfélag breyst úr fremur einsleitu samfélagi í fjölþjóðlegt. Til landsins hefur flust fólk af ólíkum uppruna, mótað af arfleifð og menningu þess lands sem það kemur frá, lífsháttum og trúarhefð.

Flestum er það mjög mikilvægt að trú þeirra og menningararfleifð sé virt. Þetta tvennt hefur oft afgerandi áhrif á ákvarðanir einstaklinga t.d. hvað varðar heilbrigða lífshætti og á viðhorf þeirra til þátta er lúta að meðferð og umönnun innan heilbrigðisþjónustunnar. Að vera meðvitaður um þann mun sem er milli ólíkra menningarheima, þó ekki sé nema að litlu leyti, getur auðveldað heilbrigðisstarfsfólki að mæta þörfum og væntingum sjúklinga og aðstandenda þeirra.

Megintilgangur þessa rits er að gera upplýsingar aðgengilegar fyrir heilbrigðisstarfsfólk um ólík menningar- og trúartengd áhrif sem geta mótað viðhorf einstaklingsins, ekki síst þegar hann stendur frammi fyrir lífsatvikum eins og fæðingu, sjúkdómum, þjáningu og dauða. Markmiðið er að auka þekkingu og skilning heilbrigðisstarfsfólks á þörfum hinna ýmsu skjólstæðinga með því að varpa ljósi á þá trúarheimspeki, afhafnir og lífsgildi sem einstaklingar af ýmsum trúarbrögðum, þjóðernum og trúarsöfnuðum kunna að hafa og sem geta haft áhrif á samskipti og meðferð innan heilbrigðisþjónustunnar. Rétt er að hafa í huga að trúarþarfir einstaklinga eru mismiklar. Það sem gildir fyrir einn þarf ekki að gilda fyrir annan þó að sömu trúar sé.

Ekki hefur áður verið tekið saman hliðstætt rit hér á landi. Ritið er byggt á íslenskum og erlendum bókum svo og á erlendum greinum er tengjast efninu. Þá var haft samband við öll trúfélög sem skráð eru hjá Hagstofu Íslands og telja 100 meðlimi eða fleiri. Var þeim í öllum tilvikum gefinn kostur á að koma á framfæri upplýsingum um atriði sem taka þyrfti tillit til varðandi umönnun og meðferð og gætu talist frávik frá hefðbundinni nálgun.

Ritið er einnig gefið út á tölvutæku formi og er hægt að nálgast það á vefsíðum Lanspítala-háskólasjúkrahúss og Landlæknisembættisins. Þar er að finna lista yfir tengiliði hvers trúarhóps, þ.e. einstaklinga sem hægt er að leita til varðandi upplýsingar eða aðstoð ef þörf krefur. Þá er einnig bent á að oftast er ekki er völ á tulkajónustu sem sjálfsagt er að nýta, ekki síst þegar mikilvæg mál eru rædd.

Þekking heilbrigðisstarfsmanna á megingildum ólíkra þjóðfélagshópa sem leita til heilbrigðiskerfisins er líkleg til að auðvelda nálgun, eftirlit, meðferð og umönnun sjúklinga. Hún er til þess fallin að auka skilning, samvinnu og traust milli manna og stuðla að betri samskiptum og árangri. Á þessu byggir grundvallarhugmyndafræði heilbrigðisþjónustunnar það er að mæta einstaklingum á hans forsendum og veita honum heilræna meðferð.

GYÐINGDÓMUR

Judaism

Gyðingdómur er eingyðistrú og byggir á Gamla Testamentinu og er því elst eingyðistrúarbragða í hinum vestræna heimi. Megininntak trúarinnar er að Guð er skapari veraldarinnar þar sem maðurinn er miðlægur. Hann vekur allt líf, viðheldur því og allt gott er frá honum komið. Ekki eru allir gyðingar jafn trúræknir eða fastheldnir á hefðir og spannar gyðingdómurinn allt frá strangtrúuðum gyðingum til frjálslyndra. Helst liggur munurinn í túlkun hópanna á lögmálinu, reglum um fæðuveitur, viðhorfum til helgidaga og hvíldardagsins „sabbat“. Þess má geta að strangtrúaðir gyðingar bera það ekki alltaf með sér að þeir séu strangtrúaðir, þar sem margir þeirra klæðast, snyrta hár sitt og skegg eins og gengur og gerist meðan aðrir lúta ákveðnum hefðum í því sambandi.

Gyðingar hafa dreifst um allan heim og eru ekki bundnir einum kynþætti. Gyðingdómurinn er þannig ekki bara þjóð, heldur sambland af átrúnaði, þjóðerni og þjóð. Þeir líta svo á að barn fæðist sem gyðingur sé móðir þess gyðingur og að það verði eftir sem áður gyðingur þó það aðhyllist ekki gyðingatrúna síðar á ævinni. Venjulega ríkir sterk samkennd meðal gyðinga. Nokkrir tugir gyðinga eru búsettir á Íslandi.

HELGISÍÐIR

Trúhneigðir gyðingar halda hvíldardaginn „sabbatinn“ heilagan, það er frá sólarlagi á föstudegi til sólarlags á laugardegi. Það má heita að hver einasti gyðingur hafi þá venju að kveikja á tveimur hvítum kertum og láti þau brenna út í tilefni sabbatsins sem tákni um sköpun Guðs. Misjafnt er þó hversu fast þeir halda í hefðir helgihaldsins þó svo að í augum flestra sé helgihaldið mikilvægt. Þeir strangtrúuðu forðast hvers kyns verk á hvíldardaginn, t.d. nota þeir ekki síma, horfa ekki á sjónvarp, nota ekki lyftur, kveikja ekki ljós, reykja ekki, snerta ekki peninga og ferðast ekki á hvíldardaginn, meðan þeir sem frjálslyndari eru láta sér fátt um finnast.

Gyðingar halda nokkrar meginhátíðir á ári af ýmsu tilefni sem tengist arfleifð þeirra. Má þar nefna nýárshátíðina og „yom kippur“ eða friðþægingarhátíðina sem haldnar eru í september eða október. Boðuð er ströng sólarhringsfasta áður en friðþægingarhátíðin gengur í garð, þ.e. frá sólarlagi til sólarlags. Ljósahátíðin eða „kanúkkah“ er haldin í desember og er þá venja að gefa börnum gjafir. Hátíðin á ekkert skylt við jól kristinna manna. Páskar

eru ein meginhátið gyðinga og eru þá hafðar í heiðri matarvenjur sem tengjast atburðum í sögu Gyðingaþjóðarinnar og gæta strangtrúaðir gyðingar þá sérstaklega að matarræði sínu.

Gyðingar fara jafnan með þakkarbænir fyrir og eftir máltíðir. Gera þarf ráð fyrir því og skapa þeim næði til þess.

Gyðingar trú á ódauðleika sálarinnar og réttvíst endurgjald í öðrum heimi. Guðrækinn gyðingur fer með bænarorðin „*Heyr, Ísrael, Drottinn, vor Guð, er einn Drottinn!*“ (eða Shema Israel, Adonæ Elohenú, Adonæ Ekad) kvölds og morgna alla ævi sína. Þetta er fyrsta bænin sem hann lærir sem barn og sagt er að gyðingar deyi með þau orð á vörnum.

Strangtrúaðir karlmenn ganga jafnan með höfuðfat, einskonar kollu, og láta sér vaxa hár og skegg sem merki um trúrækni. Sumar konur ganga með hárkollu, slæðu eða hatt af sömu ástæðu. Þá nota sumir karlar bænastjal og bænakollur við bænir og bera bænatreffil innan klæða.

Drengir eru umskornir á 8. degi eftir fæðingu og gefur þá faðirinn drengnum nafn samkvæmt hefðinni. Fresta má umskurði ef heilsa barnsins leyfir hann ekki. Stúlkubörnum er gefið nafn strax við fæðingu. Gyðingar skíra ekki börn sín.

LÍFSHÆTTIR

Fæðuvenjur

Almennt leggja gyðingar mikið upp úr og halda fast við fæðuvenjur sínar bæði heima fyrir og meðan á sjúkrahúsdvöl stendur. Ákveðnar reglur gilda um fæðutegundir og meðhöndlun matar. Meðal annars neyta gyðingar ekki svínakjöts, afurða sem innihalda dýrafitu, né annarrar fæðu sem ekki er meðhöndluð samkvæmt gyðinglegum hefðum („Kosher hefð“). Þá blanda þeir ekki saman fæðutegundum eins og kjöti og mjólkurmat. Þeir neyta heldur ekki matar sem komist hefur í snertingu við fæðutegundir sem eru bannaðar, t.d. borða þeir ekki brauð sem bakað hefur verið í ofni sem svínakjöt hefur einhvern tímann verið steikt í. Þess má geta að það má finna ýmis matvæli sem framleidd eru samkvæmt „Kosher“ hér á landi og eru þau merkt með u inni í hring framan á pakkingunni.

Margir gyðingar borða aldrei kjöt en leggja áherslu á grænmeti, ávexti og fisktegundir sem eru með hreistur og ugga svo sem ýsu, þorsk, lax, karfa, síld og túnfisk sé hann matreiddur einn sér en er ekki í salati. Þá borða þeir egg, smjör og mjólkurmat, en ekki íslenska osta þar sem þeir eru hleyptir með gerlum úr görnum kúa. Þeir borða brauð sem ekki inniheldur dýrafitu og er bakað í ofnum sem ætlaðir eru til brauðbaksturs og svo t.d. hrökkbrauð og kornfleks. Á páskum huga strangtrúaðir gyðingar sérstaklega að matarræði sínu og neyta einskis sem hefur gerjast svo sem brauðs eða gerjaðra drykkja.

Strangtrúaðir gyðingar nota ekki matardiska né hnífapör sem öðrum en strangtrúuðum er ætlað að nota. Nota má einnota áhöld þegar því er að skipta. Hafa verður í huga að frjálslýndir gyðingar halda ekki eins fast í þessar venjur og því best að hafa samráð við sjúklinginn um hvað gildir og hvað ekki.

Föstur

Sérstakar fæðuvenjur og föstur frá sólarlagi til sólarlags tengjast ákveðnum helgidögum. Undanskyldir föstu eru börn yngri en 15 ára og þeir sem samkvæmt læknisráði er ráðið frá því að fasta.

Hreinlæti

Það er lítið svo á að konur séu „óhreinar“ meðan tíðablæðingar vara og meðan úthreinsun á sér stað eftir fæðingu. Þetta þýðir að konur halda sig til hlés þennan tíma. Að loknum tímabilinu baðar konan sig samkvæmt sérstakri venju.

Skegg strangtrúaðra er snyrt með skærum eða rafmagnsrakvél, en ekki með rakvél, þar sem hvorki rakvéla- eða hnífssblað má snerta húðina. Því ætti helst að nota rafmagnsrakvél, ef því verður við komið, t.d. við undirbúning á skurðsvæði.

Hreyfing

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við gyðinga sem lýtur að hreyfingu.

Áfengi og aðrir vímugjafar

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við gyðinga sem lýtur að áfengi og öðrum vímugjöfum.

Reykingar

Gyðingar reykja ekki á hvíldardaginn.

VIÐHORF TIL FJÖLSKYLDUNNAR

Fjölskyldubönd eru sterk og með því að rækta fjölskyldu sína sýnir gyðingurinn rækt við uppruna sinn. Heimilið í augum trúaðra gyðinga er miðstöð trúarlífsins og skyldurnar við fjölskylduna eru helgar.

VIÐHORF TIL SJÚKDÓMA OG MEÐFERÐAR

Viðhorf gyðinga til hefðbundinna lækni meðferða er ekki svo frábrugðið því sem við eigum að venjast. Meginviðhorf þeirra er að lífið er æðra öllu og því er í lagi að víkja frá trúarhefðum og siðum ef líf er í húfi.

Almennt gildir að halda rannsóknum, aðgerðum eða öðrum meðferðum á hvíldardaginn eða á öðrum hátíðisdögum gyðinga í lágmarki. Hvíldardagurinn hefur mismikið vægi eftir því hvort í hlut eiga strangtrúaðir eða frjálslyndir gyðingar.

Gyðingar leggja mikla áherslu á alla meðferð sem varðveitir lífið.

Orsakir sjúkdóma

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við gyðinga sem lýtur að orsökum sjúkdóma.

Getnaðarvarnir

Almennt eru gyðingar ekki á móti notkun getnaðarvarna, sér í lagi þegar heilsa viðkomandi konu kallar á slíkt.

Fóstureyðingar

Gyðingdómur er einungis samþykktur fóstureyðingum ef líf móðurinnar er í hættu.

Meðganga

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við gyðinga sem lýtur að meðgöngu, nema það sem fram kemur undir samskiptum bls. 11.

Líffæraflutningar

Vegna viðhorfa gyðinga ber að leita allra leiða til bjargar mannlífi og eru þeir almennt samþykktir líffæraflutningum. Annað kann að gilda um mjög strangtrúaða gyðinga.

Verkjameðferð

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við gyðinga sem lýtur að verkjameðferð.

Blóðgjafir

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við gyðinga sem lýtur að blóðgjöf.

Krufningar

Almennt eru gyðingar mótfallnir krufningu og eru jafnvel tilbúnir að fórna öðrum hagsmunum, eins og til dæmis tryggingarfé, fremur en að fram fari krufning. Til að krufning sé réttlætunleg þurfa sérstakar ástæður, s.s. réttarlæknisfræðilegar, að liggja að baki eða að niðurstaða krufningar geti leitt til björgunar á mannlífi. Ef krufning er gerð verða allir líkamshlutar að fylgja í greftruninni.

SNERTING

Strangtrúaðir karlmenn snerta ekki aðrar konur en eiginkonu, dætur og móður. Rétt er að hafa það í huga þegar heilbrigðisstarfsfólk sýnir hluttekningu sína við andlát, að handaband eða faðmlag kann að vera óviðeigandi. Í reynd gildir t.d. almennt í samskiptum við gyðinga að óskyldur einstaklingur af gagnstæðu kyni snertir ekki viðkomandi þegar sýnd er hluttekning.

SAMSKIPTI

Oftast er aðskilnaður kynjanna ekki mikilvægur þegar lítur að samskiptum innan heilbrigðiskerfisins, þannig að inngríp og umönnun getur verið framkvæmd af einstaklingum af gagnstæðu kyni. Þó kunna einstaka strangtrúaðir gyðingar að óska eftir að verða skoðaðir af lækni af sama kyni. Þetta á t.d. við um strangtrúaðar konur á meðgöngu.

UMÖNNUN SJÚKRA OG DEYJANDI

Við umönnun sjúkra og deyjandi er ekki venjan að gera sérstakar ráðstafanir aðrar en þær sem gilda jafnan við slíkar aðstæður á sjúkrahúsi eða í heimahúsi. Sérstakar óskir gætu þó komið fram sem tengjast menningar eða trúarhefðum.

Heimsóknir ættingja og vina fela í sér trúarskyldur við sjúklinginn. Er þá gjarnan lesið úr helgiritum og bænir beðnar. Mikil áhersla er lögð á að sjúklingur deyi ekki einn, að einhver sé til staðar þegar sál sjúklingsins yfirgefur líkamann.

Ekki á að snerta líkið í smá tíma eftir andlát. Samkvæmt hefðinni er það talið æskilegt, ef því verður við komið, að ættingjar eða einstaklingar úr samfélagi gyðinga sjái um umönnun eftir andlát. Samkvæmt strangtrúarreglum er gyðingum ekki leyfilegt að búa um lík á hvíldardeginum og kæmi það því í hlut hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða að sjá um frágang á hefðbundinn hátt. Algengt er að ættingjar og vinir skiptist á að sitja hjá líkinu þar til það er borið til grafar.

UMHVERFI

Gyðingar eru vanir að kveikja á tveimur hvítum kertum við upphaf hvíldardagsins eða við upphaf hátíða og láta þau brenna út. Ef sjúklingurinn óskar eftir að kveikt sé á kertum hjá honum, og aðstæður leyfa það, verða aðstandendur hans að gera það geti hann það ekki sjálfur. Það nægir ekki að heilbrigðisstarfsfólk geri það. Nota má hvít spritt kerti.

Gyðingar bera jafnan fram þakkarbætur fyrir og eftir máltíðir svo gera þarf ráð fyrir því og skapa þeim næði til þess.

Krosstákn með Kristi samræmist ekki trúarviðhorfum Gyðinga.

ÚTFÖR OG GREFTRUN

Gyðingar eru venjulega bornir til grafar sem fyrst, helst samdægurs ef því verður við komið. Gyðingar þiggja þjónustu útfararstofa en sjá sjálfir um útförina. Útförin getur farið fram í kirkju eða samkomusal og eru þá gerðar viðeigandi ráðstafanir varðandi umhverfi og muni. Frjálslyndir gyðingar leyfa bálför meðan strangtrúaðir gyðingar eru á móti henni. Eftir jarðaförina fer sjö daga sorgartími í hönd hjá fjölskyldunni og fer fjölskyldan þá ekki út þann tíma nema til að taka þátt í helgihaldi.

Eitt megineinkenni hvers gyðinglegs samfélags er hið svokallaða „heilaga bróðerni“ (Kevrat Kadisha) en meðlimir samfélagsins líta á það sem heiðurskyldu við hinn látna að sjá um kistulagningu og greftrun. Slíkt samfélag er ekki enn til hér en gyðingar búsettir hér á landi hafa tekið að sér að jarðsyngja trússystem sín.

TENGILIÐIR

Sjá vefsíður:

Landlæknisembættisins: <http://landlaeknir.is/> Á útgáfulista undir „Upplýsingar“

Landspítala háskólasjúkrahúss: www2.landspitali.is/hjukrun/thjonusta

Til minnis:

BÚDDISMI

Buddhism

Búddatrú er upprunnin á Indlandi og á sér 2500 ára gamla sögu. Upphafsmaður trúarinnar var indverskur prins Siddharta Gautama, sem síðar hlaut tignarheitið Búdda, sem þýðir „hinn upplýsti“. Til eru mismunandi stefnur innan búddismans sem eru mótaðar af ýmsum siðum og venjum. Inntakið er þó hið sama þ.e. kenningar Búdda, trúin á endurfæðinguna og grunnskilningur á karmalögmálinu. Allar stefnur búddismans leggja áherslu á auðmýkt í daglegu lífi svo og á augnablik dauðastundarinnar. Þó svo búddisminn sé skilgreindur sem trúarbrögð er hann fremur heimspeki og lífsmynstur.

Búddatrúarmenn hafa tileinkað sér kenninguna um hina eilífu hringrás sem felur m.a. í sér trú á endurfæðingu einstaklingsins í öðrum líkama eftir dauðann. Samkvæmt karmalögmálinu fæðist einstaklingurinn aftur og aftur, hann fer frá einu tilverustigi til annars eftir því sem hann hefur unnið til með breytni sinni á hverju æviskeiði. Er karmalögmálið þannig lögmál orsaka og afleiðinga. Vonin felst í því að vald karmalögmálsins þrjóti og þar með viðjar endurfæðingarinnar, þannig að leiðin opnast inn í „nirvana“ - æðstu sælu, þar sem hvíld er að finna og þar sem algjör og varanlegur friður ríkir - eilíf fullkonnun. Markmiðið er að ná stigi fullkonnunar og komast þannig undan því að fæðast á ný. Þetta er þrotlaus barátta og torsótt leið við að ná valdi á sjálfum sér og gjörðum sínum. Grunnhugsunin er að feta meðalveginn milli meinlætis og nautnafýsnar.

Búddisminn skiptist í tvær meginstefnur og ræður þar mestu landfræðileg skipting. Annars vegar er Hinayana/ Theravada “farið minna eða litli vagninn” sem er ríkjandi á Indlandi, Tælandi og mörgum öðrum löndum Suður-Asíu. Hinayana/Theravada búddismi er íhaldssamur í eðli sínu. Þar er áhersla lögð á sjálfsafneitan, meinlæti og sjálfsendurlausn einstaklingsins. Hin stefnan, þ.e. Mahayana “farið meira eða stóri vagninn”, er ríkjandi í Kína, Japan og Tíbet. Megininntak þessarar stefnu er að æðsta hugsjónin er að verða vera sem hefur náð fullkominni uppljómun í þeim tilgangi að hjálpa öðrum að ná sama stigi. Þessi stefna er frjálslyndari en Theravada búddismi. Hún hefur skipst í margar greinar, aðlagast mismunandi menningu og býr þar af leiðandi yfir meiri fjölbreytileika.

Búddistafélag Íslands telur vel á 4. hundrað manns og eru flestir meðlimir þess frá Tælandi. Auk þess eru um 300 Víetnamar búsettir hér á landi og eru þeir nær allir búddatrúar. Þá eru til nokkur smærri búddatrúarsamfélög þar sem flestir meðlimir eru Íslendingar.

HELGISIÐIR

Búddistar hafa eigin helgisiði sem fela m.a. í sér íhugun, bænir, fórnir til Búdda og að brenna reykelsi.

Ekki eru allir búddatrúarmenn jafn meðvitaðir eða uppteknir af kennisetningum eða mismunandi stefnum búddismans, heldur rækta trú sína á eigin forsendum. Helgisiðir geta verið litaðir af menningararfleifð og þá t.d. blandaðir forlagahyggu og/eða forfeðradýrkun. Sumir útbúa sér altari heima við, þar sem þeir fara með bænir og brenna reykelsi fyrir látna ættingja. Þá halda þeir upp á dánardægur ættingja með því að öll fjölskyldan kemur saman og er þá elduð stórmáltíð sem er ætluð hinum framliðna.

LÍFSHÆTTIR

Til eru búddistar sem einnig hafa tileinkað sér taóisma og taka mið af honum í daglegu lífi og þegar sjúkdóma ber að höndum. Felst þetta meðal annars í mataræði, þ.e. í vali á fæðutegundum eftir því hvert ástand líkamans er hverju sinni. Sjá Taóismi, bls. 59.

Fæðuvenjur

Það eru engar fæðuforskriftir fyrir hinn almenna búddatrúarmann, hann má borða hvað sem er, hvenær sem er. Hins vegar geta fæðuvenjur og hefðir verið nokkuð mismunandi eftir því hvaða stefnu búddistar fylgja. Margir þeirra borða bæði kjöt og fisk. Þó er algengara að kínverskir búddatrúarmenn og fylgjendur búddisma á Vesturlöndum neyti einungis jurtafæðu og þá af siðfræðilegum ástæðum sem byggja á því viðhorfi að valda engu sem lifir sársauka.

Sumar konur hafa vanist því að ekki er borðaður fiskur eða fiskafurðir í allt að þrjá mánuði eftir fæðingu.

Föstur

Það eru engar föstuforskriftir fyrir hinn almenna búddatrúarmann. En þeir sem fylgja Hinayana/Theravada stefnunni fasta gjarnan einn dag í viku. Það þýðir að þeir neyta matar frá sólarupprás fram á miðjan dag en fasta síðan fram á næsta dag.

Hreinlæti

Búddistar hafa almennt sama viðhorf til hreinlætis og þekkist í íslensku samfélagi. Til eru þeir sem þvo sér sérstaklega fyrir íhugun, svo og þvo þeir líkamshluta sína eftir útskilnað úrgangsefna.

Sumar konur hafa vanist því að fara ekki í bað, þvo hárið eða bursta tennur í allt að viku eftir fæðingu.

Hreyfing

Við hugleiðslu kjósa sumir að ganga í hringi með hendur í skauti sér, drjúpa höfði með lokuð augu meðan aðrir sitja í jógastellingum meðan þeir hugleiða.

Áfengi og aðrir vímugjafar

Almennt er ekki bannað að drekka áfengi.

Reykingar

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við búddista sem lýtur að reykingum.

VIÐHORF TIL FJÖLSKYLDUNNAR

Almennt er mikil áhersla á virðingu og samheldni innan fjölskyldunnar, en trúræknir búddistar taka stundum samskipti við trússystemin fram yfir fjölskylduna.

VIÐHORF TIL SJÚKDÓMA OG MEÐFERÐAR

Arfleifð Asíubúa varðandi lækni meðferðir eru mjög svo frábrugðnar þeim vestrænu og verður að hafa það í huga í samskiptum við fólk úr þessum heimshluta. Hins vegar er það svo að búddatrúarmenn sem hafa flust til Vesturlanda hafa flestir tileinkað sér og þiggja vestrænar lækni meðferðir.

Orsakir sjúkdóma

Oft er það viðhorf ríkjandi að sjúkdómar séu orsök slæmrar breyttni á fyrri tilverustigum. Skömmin sem fylgir veikindum getur orsakað það að sumir reyna fyrst eigin hjálparmeðul áður en leitað er lækni og koma því seinna en æskilegt hefði verið. Þessir sjúklingar kvarta oft lítið þar sem erfiðleikar og þjáning er álitin hluti af lífinu.

og því verði ekki breytt. Með því að þola þjáninguna samfara sjúkdómnum vonast einstaklingurinn til að bæta fyrir syndir sínar og komast þannig nær æðra tilverustigi í næsta lífi.

Það er orðið mun algengara að búddistar líti ekki á líkamlega sjúkdóma sem skömm. Enn ríkir þó lítil skilningur á geðsjúkdómum og andlegri vanlíðan.

Þá finnst það viðhorf að þeir sem deyja af slysförum hafi slæmt karma en þeir sem deyja eðlilegum dauðdaga hafi gott karma.

Getnaðarvarnir

Það er engin siðfræðileg andstaða við notkun getnaðarvarna.

Fóstureyðingar

Í búddisma skipta aðstæður meira máli en trúarsetningar. Meginreglan er sú að varðveita beri allt líf.

Meðganga

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við búddista sem lýtur að meðgöngu.

Líffæraflutningar

Trúarlega er engin fyrirstaða varðandi líffæraflutninga.

Verkjameðferð

Viðhorf mjög íhaldssamra búddista til slævandi verkjalyfja er að þeir leggja áherslu á að deyjandi sjúklingur mæti dauða sínum með meðvitund og skýrri hugsun. Kann hann því að hafna verkjameðferð nema honum sé tryggt að hún slævi ekki. Þetta getur einnig átt við sjúkling sem ekki er deyjandi, þar sem áhersla er lögð á fulla meðvitund, þ.e. mikilvægi þess að vera meðvitaður um það sem er að gerast.

Blóðgjafir

Trúarlega er engin fyrirstaða fyrir því að þiggja eða gefa blóð.

Krufningar

Trúarlega er engin fyrirstaða varðandi krufningar. Krufning má þó ekki fara fram fyrir en þremur dögum eftir andlát.

SNERTING

Preifing brjósta við brjóstaskoðun getur verið konum framandi og eins þegar brjóstin eru skoðuð með tilliti til brjóstagjafar eftir fæðingu.

Hafa ber í huga við læknisskoðun og umönnun að snerting er á engan hátt jafn eðlileg og algeng meðal margra sem eru búddatrúar og við eigum að venjast. Svo dæmi sé tekið þá álíta sumir að höfuðið sé heilagt og ber því að koma við það af varfærni og reyna að útskýra hver tilgangurinn er, t.d. við skoðun í ungbarnavernd. Þá geta sumir sjúklingar upplifað það sem vanvirðu við sig að vera strokið um höfuð og andlit. Við andlát er mjög mikilvægt að meðhöndla líkamann með aðgát. Sjá Umönnun sjúkra og deyjandi hér að neðan.

SAMSKIPTI

Í sumum samfélögum þykir ókurteisi að horfa beint í augu þess sem talað er við, einkum ef viðmælandinn er álitinn hærra settur í þjóðfélagsstiganum.

Algengt er að ekki er farið út með börn fyrstu þrjá mánuðina eftir fæðingu og þau ekki látin sofa úti þótt veður sé til þess fallið.

Sjúklingnum er ætlað að hafa jákvætt hugarfar gagnvart eigin dauða. Ef kvíði, angist eða grátur grípur um sig meðal aðstandenda eða vina við dánarbeð sjúklings, er talið æskilegt að þeir geti farið afsíðis og fengið útrás fyrir tilfinningar sínar, þar sem mikil áhersla er lögð á algjöra kyrrð við andlát.

UMÖNNUN SJÚKRA OG DEYJANDI

Þar sem búddismi byggir á mismunandi stefnum og er mótaður af siðum og menningu hvers lands getur verið erfitt að átta sig á hvað gildir og hvað ekki, ekki síst þegar kemur að umönnun sjúkra og deyjandi. Rétt er því að mæta aðstæðum með opnum huga.

Það getur verið mikilvægt fyrir sjúklinginn að sinna búddískum helgisíðum. Hafi hann ekki til þess kraft eða getu sjálfur kann einhver að vilja gera það fyrir hans hönd. Trúrækinn sjúklingur þarf næði til að íhuga og til þess að geta mótttekið myndir úr undirmeðvitundinni sem kunna að birtast honum við og eftir andlátið, samkvæmt inntaki búddismans. Þar af leiðandi gæti hann óskað eftir því að mæta dauða sínum með skýrum huga en ekki slævður af lyfjum.

Búddistum er ætlað að mæta dauða sínum af æðruleysi og með allt að því jákvæðu viðhorfi. Þeir trúræknu líta svo á að við andlátíð, sé það vitund mannsins sem hverfur úr líkamanum um eina af tíu gáttum hans. Hvernig vitundin yfirgefur líkamann byggir að mestu á hugarástandi sjúklingsins meðan á dauðaferlinu stendur. Ef vitundin yfirgefur líkamann um gáttir höfuðsins þá mun einstaklingurinn öðlast lánsama endurfæðingu. Ef vitundin hins vegar yfirgefur líkamann um eina af neðri gáttum líkamans mun hann að öllum líkindum þurfa að þola mjög ólánsama endurfæðingu. Getur liðið nokkur tími þar til vitundin, sem staðsett er í hjartastöðinni samkvæmt skilningi búddista, skilji við líkamann og er það ekki fyrr en það hefur gerst að hin raunverulega dauðastund hefur átt sér stað. Litið er á dauðann sem mikilvægt skref í andlegum þroska og lið í því að færast nær æðra tilverustigi.

Búddistar telja það mjög mikilvægt að hugarástand sjúklings sé í jafnvægi og að umhverfi hans sé friðsælt. Þá er ekki síður mikilvægt að þeir sem eru í herbergi hans hafi jákvætt hugarfar. Ættingjum og vinum er ætlað að skilja að til þess að hjálpa þeim sem eru að deyja þurfa þeir sjálfir einnig að hafa jákvæðan og friðsælan huga og mjög sterkar tilfinningar á þessu stigi geti í raun orðið sjúklingnum skaðlegar. Álitíð er að friðsælt andlát skapi góð skilyrði fyrir lánsama endurfæðingu.

Flestir sjúklingar sem eru búddatrúar finna mikinn styrk í nærveru ættingja sinna og trúfélaga sem hvetja og styrkja sjúklinginn í trú sinni m.a. með bænum. Þeir óska yfirleitt ekki eftir sálusorgara eða heimsókn fulltrúa trúfélaga nema úr sínum eigin röðum. Þó getur þetta verið breytilegt eftir einstaklingum.

Samkvæmt búddískum hefðum er hreyft sem minnst við líkinu eftir andlát. Sérstaklega skal þess gætt að snerta aðeins efsta hluta höfuðsins þar sem álitíð er að það geti hjálpað vitundinni að fara um gáttir höfuðsins. Ef hægt er að koma því við ætti líkaminn að fá að bíða óhreyfður í nokkurn tíma. Það eina sem kann að vera óskað eftir að starfsfólk aðhafist þegar andlát hefur átt sér stað er að leggja aftur augu hins látna, skorða kjálka hans og höfuð og að leggja helga bók eða trúartákn við höfuð hans. Að meðhöndla líkamann fljótt eftir andlátíð getur haft áhrif á hvernig vitundin yfirgefur líkamann og orsakað á þann hátt ólánsama endurfæðingu. Helst ætti ekki að hreyfa við líkinu í nokkurn tíma (eða allt að 8 klukkustundir eftir andlát). Ef óskað er eftir krufningu má hún helst ekki fara fram fyrr en eftir 3 daga. Samráð við ættingja og/eða trúfélaga í hverju tilfalli fyrir sig varðandi umönnun við andlát getur verið hjálplegt, þar sem óskir og venjur kunna að vera breytilegar. Engar sérstakar reglur ríkja í búddisma varðandi endanlegan frágang líkamans fyrir útför en hefðir frá heimalandinu gætu komið þar inn í.

Tælenskir búddistar búsettir hér á landi hafa oftast engar sérstakar óskir er tengjast siðum eða venjum við umönnun sjúkra og deyjandi fram yfir það sem hér tíðkast, né heldur við og eftir andlát. Þó kann þetta að vera einstaklingsbundið.

Tælenskir búddistar trúa því að við andlátíð sé skuldinni vegna fyrra lífs þ.e. „karma“ lokið og vonin felst í því að betra líf taki við.

UMHVERFI

Sjúklingurinn kann að kjósa að hafa muni í sínu nánasta umhverfi sem minna hann á trú hans s.s. Dharma-bækur, stytur af Búddum eða myndir af andlegum leiðbeinendum hans. Áhersla er lögð á kyrrð í kringum andlátíð því friðsælt andlát skapar góð skilyrði fyrir lánsama endurfæðingu.

ÚTFÖR OG GREFTRUN

Búddatrúarmenn hafa samskipti við útfararstofur, en sjá venjulega sjálfir um kveðjuathöfnina sem getur farið fram í búddískum salarkynnum eða í kirkju og eru þá gerðar viðeigandi ráðstafanir. Ýmist fer fram bálför eða greftrun. Sérstakur grafreitir er í Grafarvogskirkjugarði fyrir búddatrúarmenn.

Flestir Tælendingar sem búið hafa hér á landi, vilja hvíla hér. Að tælenskum sið er hinn látni ýmist brenndur eða grafinn á 7. degi frá andláti. Sorgarklæði eru hvít eða svört, aðrir litir eru ekki við hæfi.

TENGILIÐIR

Sjá vefsíður:

Landlæknisembættisins: <http://landlaeknir.is/> Á útgáfulista undir „Upplýsingar“

Landspítala háskólasjúkrahúss: www2.landspitali.is/hjukrun/thjonusta

Til minnis:

ISLAM - Múhameðstrú

Islam

Það eru um 1200 milljónir manna sem eru fylgjandi islam (múhameðstrú) í heiminum í dag og er islam því næst fjölmennustu trúarbrögð heims á eftir kristinni trú. Trúin er kennd við spámanninn Múhameð sem fæddist í Mekka, á 6. öld eftir Krist. Trúað er á einn Guð „Allah“ sem er arabíska og þýðir Guð og að Múhameð hafi verið síðasti sendiboði Guðs hér á jörðu. Islam þýðir í raun „undirgefni“ þannig að sá sem játast islamskri trú er undirgefinn Allah.

Trúræknir múslimar líta á Kóraninn sem heilaga ritningu og fylgja kenningum hans nokkuð bókstaflega. Í honum má finna leiðbeiningar fyrir múslima í mörgum aðstæðum sem upp kunna að koma frá vöggju til grafar. Islam er því ekki bara trúarbrögð heldur einnig stjórnskipulag, lög og reglur. Múslimar telja það heilaga skyldu sína að fylgja nákvæmlega hinum fimm stöðum islams eins og þær koma fram í Kóraninum: Fyrst er það játningin að „enginn er guð nema Allah“. Í öðru lagi verður hver trúaður einstaklingur að fara með bænir fimm sinnum á dag, hvar sem hann er staddur og snúa sér í átt að Mekka á meðan. Þriðja skyldan er fólgin í því að gefa ölmusur. Fjórdi er að fasta í níunda mánuði islamska ársins, þ.e. í ramadan mánuðinum, sem reyndar færast aðeins til þar sem einungis eru 354 dagar í árinu samkvæmt tímatali múslima og færast því hátíðisdagar til um 11 daga ár hvert. Fimmta skyldan er síðan að fara í pílagrímsför til Mekka að minnsta kosti einu sinni á ævinni ef heilsa og fjárhagar leyfir.

Islam er upprunnin í Mið-Austurlöndum en teygir sig um Asíuhluta Sovétríkjanna gömlu, vesturhluta Kína, með úthéruðum Indlands, Afríku og víðar. Nokkur munur er því á menningararfleifð múslima eftir því hvaðan þeir koma. Innflytjendum sem játa islam hefur farið ört fjölgandi í Evrópu á síðustu áratugum og er fjöldi múslima á Íslandi um 400 manns.

HELGISÍÐIR

Ætlast er til að múslimar fari með ákveðin bænavers fimm sinnum á dag á ákveðnum tímum dagsins, sem miðast við sólarupprás og sólarlag, þannig að á sumrin líður lengra á milli bænagjörða en á veturna. Fyrir bænagjörðina hreinsa múslimar sig með því að þvo ákveðna líkamshluta, taka sér stöðu á hreinu svæði eða mottu og snúa sér

síðan í átt að Mekka, sem er í suð-austur frá Íslandi. Þeir bera sig að með sérstökum hætti á ákveðnum stöðum í bænagjörðinni, ýmist standa þeir, krjúpa eða láta enni snerta jörðina. Einungis mjög veikir sjúklingar eru undanskyldir bænagjörð.

Í lok ramadan mánaðarins er haldin „hátíð föstuslitanna“ svo kallaða Eed-ul-Fitr hátíð. Þessi hátíð minnir að nokkru leyti á jól kristinna manna, þar sem skipst er á gjöfum og kortum. Ef þess er nokkur kostur að sjúklingur fari heim til að halda hátíðina er það æskilegt. Eins er æskilegt að halda öllum rannsóknnum í lágmarki á þessum tíma. Engin sakramenti eru í islam. Ekki er framkvæmd „skemmriskírn“, því öll börn múslimskra foreldra fæðast sem múslimar og án syndar. Móðirin gefur barni sínu nafn við fæðingu en faðirinn hvíslar bænrorðum í eyra barnsins, þeim fyrstu sem barnið á að heyra.

Föstudagar eru heilagir í augum múslima.

LÍFSHÆTTIR

Fæðuvenjur

Venjulega halda múslimar fast við fæðuvenjur sínar og lýtur matargerðin ákveðinni hefð. Kóraninn bannar neyslu svínakjöts, svínakjötsafurða svo og blóðríks matar, en þó er í lagi að borða lifur. Þeir kjósa helst jurtafæði nema hægt sé að fá sérstaklega tilreitt kjöt svokallað „halal“ kjöt, sem er kjöt slátrað samkvæmt ákveðinni hefð. Almennt borða múslimar einnig fisk og mjólkurmat. Þeir borða ekki mat sem blandast hefur „bönnuðum“ fæðutegundum eins og t.d. skinku.

Múslimar neyta ekki áfengis og borða því ekki rauðvínssósúr eða neitt annað sem áfengi er í.

Þeir neyta ekki morgunmatar fyrr en að loknum þvotti og bænagjörð.

Föstur

Öllum múslimum er ætlað að fasta ramadan mánuðinn. Áður en ramadan gengur í garð á hver og einn að ganga frá ágreiningsefnum og öðrum vandamálum svo hann geti gengið inn í mánaðarlanga föstu án þess að vera þjakaður af slíkum vandamálum. Ramadan fastan er sú trúarskylda sem múslimar gæta af mestri kostgæfni. Allir trúræknir menn, að undanskildum sjúklingum, gamalmönnum, ungbörnum og barnshafandi konum, eru í algjöru bindindi frá dögun til sólarlags. Þeir mega ekki neyta matar né drykkjar, ekki reykJa né hafa kynmök, jafnvel ósæmilegar hugsanir geta gert föstu heils dags ógilda.

Óski sjúklingur eftir því að fasta þýðir það að frá sólarupprás til sólarlags þiggur hann hvorki fasta fæðu, drykk eða lyf um munn, nef, í æð og ekki heldur endaparmsstíla.

Þetta getur skapað erfiðleika varðandi meðferð eins og lyfjagjafir, þar með talið verkjalyfjagjöf. Ef þetta skapar mikinn vanda getur verið hjálplegt að fá aðstoð „Imam“ þ.e. leiðtoga múslima hér á landi við að finna ásættanlega lendingu.

Hreinlæti

Áður en bænagjörð hefst skola múslimar nef með því að sjúga upp í það vatn og einnig er munnurinn skolaður. Hendur eru þvegnar upp að olnboga, síðan andlitið, ennið og eyrun sérstaklega og loks fætur upp að ökkla. Þeir neyta ekki morgunmatar fyrir en að lokinni þessari athöfn.

Múslimar þvo sér í kringum þvagrás með rennandi vatni (áhersla er á að vatnið sé rennandi) eftir þvaglát og einnig í kringum endaparm eftir hægðalosun. Sjúklingur sem ekki getur séð um þetta sjálfur þarf aðstoð, er þá rennandi vatni hellt yfir nárasvæðið.

Þá verða konur að baða sig hátt og lágt í lok blæðinga svo þær geti stundað bænahald samkvæmt Kóraninum.

Hreyfing

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við múslima sem lýtur að hreyfingu, aðrar en þær hreyfingar sem gerðar eru í tengslum við bænargjörð.

Áfengi og aðrir vímugjafir

Múslimar neyta ekki áfengis.

Reykingar

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við múslima sem lýtur að reykingum.

VIÐHORF TIL FJÖLSKYLDUNNAR

Fjölskyldubönd eru mjög sterk.

VIÐHORF TIL SJÚKDÓMA OG MEÐFERÐAR

Múslimar eru hlynttir hefðbundnum læknismeðferðum. Samkvæmt islam er manneskjan æðst í sköpunarverki Guðs. Því er það skylda manneskjunnar að varðveita lífið.

Orsakir sjúkdóma

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við múslima sem lýtur að orsökum sjúkdóma.

Getnaðarvarnir

Múslimar eru ekki á móti notkun getnaðarvarna.

Fóstureyðingar

Fóstureyðingar eru bannaðar með öllu.

Meðganga

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við múslima sem lýtur að meðgöngu, nema það sem fram kemur undir samskipti bls 24.

Líffæraflutningar

Múslimar eru samþykkir líffæraflutningum ef nauðsyn ber til.

Verkjameðferð

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við múslima sem lýtur að verkjameðferð.

Blóðgjafir

Múslimar eru ekki á móti blóðgjöfum.

Krufningar

Múslimar eru mótfallnir krufningu nema sérstakar ástæður liggi að baki, s.s. af réttarlæknisfræðilegum og/eða af mikilvægum læknisfræðilegum ástæðum.

SNERTING

Náin snerting tíðkast ekki í samfélagi múslima, sér í lagi snerting einstaklinga af gagnstæðu kyni, nema milli hjóna. Kona upplifir að hún verði „óhrein“ sé hún snert af karlmanni öðrum en eiginmanni sínum, þ.m.t. karlkyns lækni, og finnst það niður-

lægjandi. Heilbrigðisstarfsfólk ætti að hafa það í huga þegar sýnd er hluttekning að handaband eða faðmlag kann að vera óviðeigandi.

Eftir andlát þvo karlar lík karlmanns og konur lík konu. Ef múslimar eru ekki til staðar er æskilegt að karlar sjái um umönnun við andlát ef karl á í hlut og konur að sama skapi ef um konu er að ræða, ef þess er nokkur kostur. Mikilvægt er að þeir sem sjá um umönnun við andlátið og eru ekki múslimar séu með hanska, því öðrum en múslimum er ekki ætlað að snerta líkið með berum höndum. Hjón mega þvo maka sínum. Konur mega þvo drengjum sem ekki hafa náð kynþroska.

SAMSKIPTI

Ein helsta dyggð þeirra sem aðhyllast islam er að gæta velsæmis og sýna hógværð. Er þetta múslimum afar mikilvægt og eru þeir sérstaklega viðkvæmir gagnvart eigin nekt og annarra. Margar múslimakonur hylja nær allan líkama sinn og sumar andlit sitt líka. Þær sem slíkt gera eru líklegri til að vera mikið klæddar á nóttunni en þá er fatnaðurinn öllu lausari. Búast má við að konur kjósi að vera meira klæddar, sem sjúklingar, en venja er. Karlmönnum er uppálagt að hylja líkamshluta sína frá mitti og niður að hnjám. Nekt, jafnvel í viðurvist annarra karlmannna, finnst þeim niðurlægjandi.

Karlar bera gjarnan höfuðfat við bænir og á hátíðum. Sumir eldri karlar kjósa að hafa höfuðfat öllum stundum jafnvel á sjúkrabæði.

Múslimar leggja mikla áherslu á aðskilnað kynjanna og á það einnig við í samskiptum innan heilbrigðiskerfisins, þannig að inngríp og umönnun þurfa helst að vera á höndum einstaklinga af sama kyni, ef því verður mögulega við komið. Æskilegt er því að konur sinni konum og karlar körlum, það eitt og sér getur komið í veg fyrir mörg vandamál.

Fjölskyldan vill gjarnan hugsa um deyjandi ættingja sína heima ef þess er nokkur kostur. Múslimar sýna oftast mikla ögun frammi fyrir eigin dauða og flíka ekki tilfinningum sínum. Hins vegar sýna þeir sorgarviðbrögð á opinskáan hátt með gráti. Sú skylda er á ættingjum og vinum að heimsækja þá sem syrgja og sýna þeim samhygd. Rétt er að ráðfæra sig við sjúklinginn eða aðstandendur varðandi tilvísun til annarra sálusorgara en þeirra sem eru múslimar.

UMÖNNUN SJÚKRA OG DEYJANDI

Það er næsta víst að sjúklingur sem er múslimi vilji halda fast í daglega bænagjörð sína eins lengi og hann mögulega hefur getu til. Skapa þarf aðstæður svo hann geti stundað þá athöfn. Ef sjúklingur er á fjölbýli þarf að skerma svæði sjúklingsins af svo hann geti sinnt sinni bænaskyldu út af fyrir sig. Ef til vill þarf að aðstoða við að snúa rúmi sjúklingsins eða stól í átt að Mekka áður en bænagjörð hefst, þ.e. í suð-austur. Þá gæti sjúklingur þurft aðstoð við þvott áður en bænargjörð hefst. Sjá Hreinlæti, bls. 22.

Æskilegt er að deyjandi sjúklingur sé á einbýli ef því verður við komið. Skapa þarf aðstæður þannig að aðstandendur eða vinir geti dvalið sem mest hjá sjúklingnum.

Gamalt fólk, mikið veikir og deyjandi sjúklingar eru undanþegnir föstu. Sumir kjósa þó að fasta, þó ekki sé í heilan mánuð heldur aðeins í fáeina daga, þar sem múslimar hafa sterkar tilfinningar gagnvart ramadan. Þeir líta gjarnan á föstumánuðinn sem mikilvægan tíma til að ganga frá sínum málum. Ákveði sjúklingurinn að hann vilji eða verði að fasta þarf hann að fá máltíð (og lyf ef það á við) fyrir sólarupprás og aftur eftir sólarlag, ásamt vatnsglasi og skál svo hann geti skolað munninn fyrir bænir.

Bænarorðin „það er engin guð nema Allah“ eru fyrstu og síðustu orðin sem múslimi heyrir eða segir. Geti sjúklingur ekki mælt þau sjálfur hvísla ættingjar þeim í eyra þess deyjandi og er þá andliti sjúklings snúi í átt að Mekka, í suð-austur.

Múslimar trúa á líf eftir dauðann og að dauðinn sé einungis tímabundinn aðskilnaður. Trúrækinn múslimi lítur svo á að þjáningin og dauðinn sé að vilja Guðs og að það sé skylda hans að lúta þeim vilja, þó erfitt sé.

Við andlát er augum sjúklingsins lokað og kjálki skorðaður á hefðbundinn hátt. Rétt er úr handleggjum og fótum. Skartgripir fjarlægðir. Líkið er sveipað laki þar til það er þvegið, helst af ættingjum, vinum eða meðlimum úr samfélagi múslima annars af heilbrigðisstarfsfólki af sama kyni og hinn látni. Sjá Snerting, bls. 23. Búið er um líkið í laki eða það klætt í sérstök líkklæði sem hylja allan líkamann og er það síðan lagt á hægri hlið og þannig lagt í kistu. Að veita aðhlyningu eftir andlát er skylda sérhvers múslima. Að þessu loknu er farið með sérstaka bæn en þess er gætt að ekki sé farið með bænina á staðnum þar sem líkið var þvegið.

Ef sjúklingurinn hefur dáði á sjúkrahúsi getur verið að ættingjar óski eftir að líkið verði flutt heim og skiptast ættingjar og vinir á að vaka yfir kistunni og biðja bænir fyrir sálu þess látna, þar til jarðaför fer fram, sem samkvæmt venju er innan sólarhrings.

UMHVERFI

Æskilegt er að deyjandi sjúklingur sé á einbýli ef því verður við komið og að trúartákn annarra trúarbragða séu fjarlægð úr stofunni ef því er að skipta og sjúklingurinn eða aðstandendur hans óska eftir.

ÚTFÖR OG GREFTRUN

Múslimar skipta við útfararstofur. Jarðsett er sem fyrst, helst samdægurs, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það. Líkið er lagt á hægri hlið í kistuna og jarðsett þannig að andlitið snúi mót Mekka. Jarðafarir geta farið fram í kirkjum, safnaðarheimilum eða öðrum samkomustöðum og eru þá gerðar viðeigandi ráðstafanir. Sam-

kvæmt islam á ekki að brenna líkið. Sérstakur grafreitir er fyrir múslima í Grafarvog-skirkjugarði.

Það er skylda allra múslima að mæta við jarðafarir og bera kistuna smá spöl. Konur eru þó undanskyldar að mæta við jarðafarir og kveðja því hinn látna heimavið.

TENGILÍÐIR

Sjá vefsíður:

Landlæknisembættisins: <http://landlaeknir.is/> Á útgáfulista undir „Upplýsingar“

Landspítala háskólasjúkrahúss: www2.landspitali.is/hjukrun/thjonusta

Til minnis:

HINDÚISMI

Hinduism

Hindúismi er ekki bara trúarbrögð heldur er hann sambland fjölda átrúnaða, lífshátta og stefna sem eru mismunandi eftir landsvæðum og hefur því ekki fætt af sér trúarbragðakerfi sem gildir alls staðar. Trúarheimur hindúa er undraveröld þar sem finna má guði með þúsund augu, sextán arma eða fjögur höfuð. Hindúar sjá guði í öllu, svo sem í trjám, fljótum, kúm eða maurum og bera því lotningu fyrir öllum hlutum. Flestir velja sér þó sinn eigin persónulega guð þó að þeir í reynd trú á marga guði. Þeir viðurkenna samt sem áður einn aðalguddóm, Bramha sem er skapari alls. Markmiðið er að sameinast Bramha en til þess að svo geti orðið þarf maðurinn að öðlast þekkingu á æðstu sannindum en sú leið er löng og erfið. Hún krefst margra endurholdgana þar sem breytni manna á fyrri tilverustigum ræður því í hvaða stétt menn eru í þessu lífi. Hver stétt hefur þannig sitt eigið karma, sínar skyldur og siðareglur.

Það má segja að hindúatrú sé tvíþætt. Annars vegar birtist hún í alþýðlegri guðsdýrkun, þar sem trúað er á guði eins og Vishnu sem er kærleiksríkur verndari sem viðheldur öllum hlutum og hins vegar Shiva, eyðandann mikla, sem er þó um leið endurskapari lífsins. Þessi tveir guðir eru hvað þekktastir í nútíma átrúnaði hindúa. Þeir eru afar ólíkir en fullnægja trúarþörfinni hvor á sinn hátt. Hins vegar birtist indversk trú í heimspekilegri túlkun á tilverunni og dauðanum. Helgi- og trúarrit hindúa eru ævafor og mikil að vöxtum og hafa haft áhrif á ljóðagerð og aðrar listir þeirra sem aðhyllast átrúnaðinum.

Hindúar trúa að þeir snúi aftur til jarðar til betri eða verri aðstæðna eftir því hvert karma þeirra er. Þetta byggir ekki á einskærri forlagahyggju heldur á verkum einstaklingsins í þessu lífi, sem hefur áhrif á tilvist hans í því næsta. Fyrir bragðið er t.d heilbrigði eða sjúkdómar álitnir vera afrakstur góðra eða slæmra verka og mikillar eða lítillar trúrækni í fyrra lífi.

Hindúatrú er ríkjandi á Indlandi þar sem þjóðerni og trú eru næsta samfléttuð. Einnig eru hindúar í Pakistan, Ceylon, Burma, á Bali-eyjum og Trinidad. Hér á landi býr nokkur hópur hindúa.

HELGISÍÐIR

Margir hindúar leggja upp úr að fá ró og næði til íhugunar og bæna. Þeir eldri byrja oftast daginn með bænahaldi meðan þeir yngri nota frekar sína hentisemi. Mikilvægt er að skapa næði svo þeir geti sinnt þessari trúarathöfn hafi þeir áhuga og þörf fyrir það. Sumir vilja gjarnan hafa stytur, myndir af guðum sínum við rúmið eða á koddanum ásamt talnabandi, blómum eða rúnastöfum (amulets) sem þeir sækja styrk og huggun í. Trúræknir hindúar tengja saman íhugun, bænir og líkamsæfingar í svokölluðu Hatha joga. Joga er ekki bara leið til slökunar heldur liggur ákveðin heimspeki að baki henni sem allir hindúar eru meðvitaðir um.

Börn eru ekki skírð í hindúasið, heldur er mikið um dýrðir þegar hár er skert á höfði drengja í fyrsta skipti. Ekkert slíkt á sér stað þegar stúlkubörn eiga í hlut, enda er ætlast til að þær séu með sítt hár alla ævi.

Divali er hátíð ljóssins og aðalháttíð hindúa. Hún er haldin árlega í október eða nóvember og færir til á milli ára. Þessi hátíð hindúa er um margt lík jólum kristinna manna þar sem þá er skipst á gjöfum. Mikið er um ljósaskreytingar og sérstakur hátíðarmatur er búinn til. Önnur stórhátíð er vorháttíðin Holi. Hluti þeirra hátíðahalda er að fólk makar þá litum hvert á annað. Í tilefni þeirrar hátíðar eiga menn að gera upp sakir, sættast og vera vinir. Að auki eru ýmsar smærri trúarháttíðir haldnar árið um kring.

Sumir einstaklingar eða fjölskyldur verða sér úti um eða eiga vatn úr Gangesfljótiinu. Álitíð er að vantíð sé heilagt og að því fylgi mikil blessun.

LÍFSHÆTTIR

Fæðuvenjur

Margir hindúa neyta einungis jurtafæðu. Neysla nautakjöts er bönnuð, þar sem kýrin er heilagt dýr. Til að tryggja að ekkert sé í matnum sem rekja megi til afurða nautakjöts eða að nautakjöt hafi komist í snertingu við annan mat sem þeir neyta, og einnig til að vera vissir um að fyllsta hreinlætis sé gætt við matartilbúninginn, óska hindúar sem dveljast á sjúkrahúsum gjarnan eftir að fá tilbúinn mat að heiman. Nákvæmni varðandi matarvenjur hefur mikla þýðingu fyrir þá. Indverjar matast með því að nota brauð og hendumar. Til að mynda vöðla þeir hrísgrjónum í lófa sér og gera úr þeim smáar kúlur sem þeir síðan setja upp í sig.

Föstur

Föstur eru algengar meðal hindúa, einkum í tengslum við hátíðarhöld, og er sá tími gjarnan tengdur því að ná sáttum við guð og menn. Þeir sem fasta reglulega fasta einn dag vikunnar og eru það einkum eldri konur og ekkjur. Bæði karlar og konur fasta í

tilefni hátíða og standa þær föstur oft vikum saman eða fram að næstu trúarháttíð og er þá fastað ákveðinn dag vikunnar.

Til er annars konar fasta sem er fólgin í því að borðuð er einungis ein máltíð á dag eða að ákveðnar matartegundir eru sniðgengnar um tíma. Þá eru einkum borðaðir ávextir og hnetur.

Hreinlæti

Hreinlæti er mjög mikilvægur þáttur hjá hindúum. Þeir fara í sturtubað daglega, helst að morgni dags. Það er sérlega mikilvægt fyrir eldri hindúa að fara í bað snemma dags fyrir bænagjörð, einnig fyrir þá sem eru veikir eða deyjandi og þurfa aðstoðar við þvott. Hindúar fara helst ekki í baðkar, þar sem vatnið sem þeir stíga upp úr í lokin er óhreint. Hindúar líta svo á að bað sé ekki einungis gott fyrir líkamann heldur einnig andann. Baðið er því einskonar trúarathöfn. Þá er það mjög mikilvægt fyrir þá að þvo hendur og hreinsa munn fyrir og eftir máltíðir.

Hreyfing

Sumir Hindúar leggja stund á Hatha joga. Sjá Helgisiðir, bls. 28.

Áfengi og aðrir vímugjafar

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við hindúa sem lýtur að áfengi og öðrum vímugjöfum.

Reykingar

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við hindúa sem lýtur að reykningum.

VIÐHORF TIL FJÖLSKYLDUNNAR

Fjölskyldan er mjög mikilvæg í augum hindúa.

VIÐHORF TIL SJÚKDÓMA OG MEÐFERÐAR

Hindúatrú er ríkjandi á Indlandi og indversk læknisfræði byggir á Ayurveda, vel útfærðri heimspeki sem læknar og sjúklingar eru meðvitaðir um. Áhersla er á reglubundið mataræði, svefn, útskilnað úrgangsefna, líkamlegt hreinlæti, þægilegan klæðaburð, líkamsæfingar og heilbriggt kynlíf.

Það er mikið feimnismál fyrir hindúa að ræða einkenni frá líffærum eins og blöðru, ristli eða kynfærum. Inngrip eða meðferð sem tengjast þessum líffærum getur verið afar erfið, þegar hindúar eiga í hlut, vegna viðhorfa þeirra. Helst er ekki talað um þessi líffæri í viðurvist annarra eins og t.d. maka eða fylgdarmanns.

Algengt er að konur fæði heima. Ungar konur fæða oft sitt fyrsta barn í föðurhúsum ef því verður við komið og dvelja svo um tíma hjá foreldrum sínum.

Orsakir sjúkdóma

Heilbrigði jafnt sem sjúkdómar eru álitnir vera afrakstur góðra eða slæmra verka og mikillar eða lítillar trúrækni í fyrra lífi. Þetta viðhorf getur því valdið sjúklingnum andlegri vanlíðan. Flestir hindúar sem flust hafa til Vesturlanda hafa í ríkara mæli til-einkað sér vestræna lækisfræði og skilja að veikindi orsakast fremur af öðrum þáttum, svo sem sýkingum.

Getnaðarvarnir

Hindúar nota getnaðarvarnir. Á Indlandi hefur um margra ára skeið verið haldið uppi herferð í því skyni að hvetja hjón til að eignast aðeins tvö börn. Í því sambandi hafa karlmenn verið hvattir til að fara í ófrjósemisaðgerð.

Fóstureyðingar

Fóstureyðingar eiga sér stað í hindúasamfélagi. Það kann þó að vera í óþökk hinna trúuðu.

Meðganga

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við hindúa sem lýtur að meðgöngu, nema það sem almennt er og kemur fram undir samskipti bls. 31.

Líffæraflutningar

Hindúar eru ekki á móti líffæraflutningum.

Verkjameðferð

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við hindúa sem lýtur að verkjameðferð.

Blóðgjafir

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við hindúa sem lýtur að blóðgjöf.

Krufningar

Hindúar eru nær alfarið á móti krufningu, þar sem hún er álitin vera vanvirðing við hinn láta og fjölskyldu hans. Ef krufning er álitin nauðsynleg þurfa rökin að vera sterk og haldbær til að samþykki aðstandenda fáist.

SNERTING

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við hindúa sem lýtur að snertingu.

SAMSKIPTI

Mikil stéttaskipting ríkir meðal hindúa. Ekki er litið á þessa skiptingu sem þjóðfélags-fyrirbæri heldur að mismunur á kjörum fólks og hæfileikum sé afleiðing karmalög-málsins og endurholdgunarinnar.

Hér áður var lögð meiri áhersla á aðskilnað kynjanna og þótti æskilegra að karlkyns læknir skoðaði karla og kvenkyns læknir konur. Þetta hefur breyst mikið hin síðari ár og er öllu frjálslégra nú. Hins vegar kann þetta enn að vera mál fyrir suma. Undir slíkum kringumstæðum gæti maki eða fylgdarmaður óskað eftir að vera viðstaddur skoðun læknis af gagnstæðu kyni.

Hindúar eru mjög meðvitaðir um að hylja nekt sína jafnvel fyrir fólki í heilbrigðis-stétt. Það eitt að þiggja aðstoð við það getur reynst þeim erfitt, einkum ef heilbrigðis-starfsmaðurinn er af gagnstæðu kyni. Gæta verður fyllstu nærgætni og að sjúklingurinn sé baðaður í einrúmi. Sama gildir um önnur inngrip.

Konur eru álitnar „óhreinar“ meðan á tíðablæðingum standa. Einnig eru syrgjendur álitnir „óhreinir“ meðan sorgartíminn varir. Þetta þýðir í reynd að fólk heldur sig til hlés á þessum tíma.

UMÖNNUN SJÚKRA OG DEYJANDI

Hreinlæti er mjög mikilvægur þáttur hjá hindúum. Sjá Hreinlæti, bls. 29.

Föstur eru algengar, einkum í tengslum við hátíðarhöld, og er sá tími gjarnan tengdur því að ná sáttum við Guð og menn. Fasta getur verið mjög mikilvæg fyrir sjúklinginn

Þar sem hér getur verið um einlæga trúarathöfn að ræða. Útskýra þarf áhrif föstunnar fyrir sjúklingnum og fjölskyldu hans, m.a. með tilliti til vökvajafnvægis líkamans, og hvaða áhrif það kann að hafa kjósi sjúklingurinn ekki heldur að taka lyf, t.d. verkjalyf meðan fastað er.

Ættingjar og vinir aðstoða oft við helgihaldið og styðja sjúklinginn í veikindunum og þegar dregur að andláti. Margir hindúar leggja upp úr því að fá ró og næði til íhugunar og bæna. Sjá Helgisiðir, bls. 28.

Gjarnan er kveikt á lampa eða kerti við rúm deyjandi sjúklings og/eða brennt reykelsi. Venjulega er engin fyrirstaða fyrir því að heilbrigðisstarfsfólk veiti hinum látna umönnun á hefðbundinn hátt. Þó kunna að koma til einhver frávik, mismunandi hefðir, sem ættingjar gætu óskað eftir að tekið yrði tillit til. Oftar en ekki er líkið fullklætt og það síðan sveipað laki.

Styrkur hindúa gagnvart dauðanum bitist í því viðtekna viðhorfi átrúnaðar þeirra að taka því sem að höndum ber. Það er markmið hvers hindúa að losna úr endurholdgunaráranauðinni. Litið er á dauðann sem nýja fæðingu og er hann því mesti atburður æviskeiðsins. Sjaldan kemur því fram reiði gagnvart dauðanum. Syrgjendur halda sig til hlés um tíma, en sýna þó sorgarviðbrögð með því að gráta og með því að taka utan um hvert annað og hugga.

UMHVERFI

Trúræknir hindúar leggja upp úr því að fá ró og næði til íhugunar og bæna. Sumir vilja gjarnan hafa stytur, myndir af guðum sínum við rúmið eða á koddanum ásamt talnabandi, blómum eða rúnastöfum (amulets) sem þeir sækja styrk og huggun í.

ÚTFÖR OG GREFTRUN

Venja hindúa er að smyrja líkið með olíu eða einskonar smjöri (ghee). Það er gert meðal annars til að líkið brenni betur því samkvæmt hindúasið eru þau alltaf brennd. Askan er ekki grafin í jörðu heldur er henni dreift yfir vatn, sjó eða á, eftir að hindúaprestur eða fulltrúi hans hefur blessað duftið. Bálför fer fram eins fljótt og auðið er, jafnvel samdægurs. Fjölskyldan eða samfélag hindúa sér um bálförina í samráði við útfararþjónustu.

TENGILIÐIR

Sjá vefsíður:

Landlæknisembættisins: <http://landlaeknir.is/> Á útgáfulista undir „Upplýsingar“

Landspítala háskólasjúkrahúss: www2.landspitali.is/hjukrun/thjonusta

Til minnis:

KAPÓLSKA KIRKJAN

Roman Catholic

Uppruna kaþólsku kirkjunnar má rekja til þess er Heilagur andi kom yfir lærisveina Jesú á hvítasunnunni og þeir stofnuðu hina kristnu kirkju. Kristnir menn voru sameinaðir fyrstu þrjár aldirnar en þá fór að bera á ágreiningi milli Austurkirkjunnar (grísku rétttrúnaðarkirkjunnar) og Vesturkirkjunnar (rómversk kaþólsku kirkjunnar). Ágreiningur þessi var ekki síst landfræðilegur en einnig var guðfræðilegur ágreiningur er varðaði einstök túlkunaratriði, mismunandi helgigripi, hjónaband presta og notkun latínu við helgihaldið. Fullur aðskilnaður varð milli þessara kirkjudeilda á 11. öld. Síðan klofnaði kaþólska kirkjan á ný á 16. öld er mótmælendur klufu sig úr henni. Á síðustu áratugum hafa allar þessar kirkjudeildir færst nær hver annarri.

Rómversk-kaþólsku kirkjuna er víða að finna. Hún er ríkjandi á Ítalíu, svo og í mörgum öðrum löndum Evrópu svo sem Frakklandi, Spáni, Portúgal, löndum Austur-Evrópu, flestum löndum Suður-Ameríku og víða annars staðar, t.d. í einstaka löndum Asíu eins og á Filippseyjum og í Víetnam. Kaþólska kirkjan hefur alltaf átt ítök á Íslandi. Samfélag kaþólskra hér á landi er um 4000 manns.

HELGISÍÐIR

Barnaskírni og þar með talin skemmriskírni er afar mikilvæg samkvæmt kenningum kirkjunnar. Ef ekki næst í kaþólskan prest áður en barn deyr (eða við fósturlát) má heilbrigðisstarfsmaður ausa barnið vatni og segja orðin; „Ég skíri þig til nafns Föðursins, Sonarins og Heilags Anda“, síðan þarf að hafa samband við kaþólska sófnuðinn.

Sakramenti eru í rómversk-kaþólskum sið m.a. skírni, altarissakramenti, skriftir og sakramenti hinna sjúku. Þeir sem meðtaka sakramentin (altarísögngu) ættu ekki að neyta fastrar fæðu 15 mínútum áður. Þó er í lagi er að taka lyf og fá sér að drekka. Fasta er ekki nauðsynleg ef um mikið veikan eða deyjandi sjúkling er að ræða, þar sem meðtaka sakramentisins hefur forgang við þær aðstæður.

Trúartákn eru kaþólskum mjög mikilvæg. Sjá Umhverfi, bls. 37.

LÍFSHÆTTIR

Fæðuvenjur

Engar sérstakar reglur er varða fæðuvenjur eru við líði innan kaþólsku kirkjunnar.

Föstur

Kaþólskir menn hafa ákveðnar föstuvonjur. Sumir kaþólikkar borða aldrei kjöt á föstudögum allt árið um kring meðan aðrir neyta ekki kjötmetis á öskudaginn né á föstudögum í páskaföstunni (það er yfir 40 daga tímabil). Þeir sem eru á aldrinum 21-59 ára ættu einungis að borða eina aðalmáltíð og tvær smærri án kjötmetis á páska-föstunni, þó megin áherslan sé á að sleppa kjöti á föstudaginn langa. Sjúklingar eru undanþegnir föstu. Hins vegar ef sjúklingur óskar eftir að fasta þá er það einstaklingsbundið val hans og heilsa sem þá ræður.

Föstuvonjur þeirra sem alist hafa upp í kaþólskri trú í löndum Austur-Evrópu eru líklega meiri og fleiri.

Hreinlæti

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við kaþólikka sem lýtur að hreinlæti.

Hreyfing

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við kaþólikka sem lýtur að hreyfingu.

Áfengi og aðrir vímuefni

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við kaþólikka sem lýtur að áfengi og öðrum vímuefnum.

Reykingar

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við kaþólikka sem lýtur að reykingum.

VIÐHORF TIL FJÖLSKYLDUNNAR

Kirkjan leggur mikið upp úr sterkum fjölskyldutengslum.

VIÐHORF TIL SJÚKDÓMA OG MEÐFERÐAR

Kaþólska kirkjan er samþykkt hefðbundnum lækni meðferðum og umönnun sem verndar líf og tekur tillit til vilja sjúklingsins.

Orsakir sjúkdóma

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við kaþólikka sem lýtur að orsökum sjúkdóma.

Getnaðarvarnir

Kaþólska kirkjan er á móti getnaðarvörnum.

Fóstureyðingar

Kaþólska kirkjan er á móti fóstureyðingum.

Meðganga

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við kaþólikka sem lýtur að meðgöngu.

Líffæraflutningar

Kaþólska kirkjan er ekki á móti líffæraflutningum.

Verkjameðferð

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við kaþólikka sem lýtur að verkjameðferð.

Blóðgjafir

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við kaþólikka sem lýtur að blóðgjöf.

Krufningar

Kaþólska kirkjan er ekki á móti krufningu liggi samþykki aðstandenda fyrir.

SNERTING

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við kaþólikka sem lýtur að snertingu.

SAMSKIPTI

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við kaþólikka sem lýtur að samskiptum.

UMÖNNUN SJÚKRA OG DEYJANDI

Engar sérstakar óskir eru varðandi umönnun sjúklinga fram yfir það sem almennt gerist á heilbrigðisstofnunum. Æskilegt er að aðstandendum og nánnum vinum sé gert kleyft að vera nærri sjúklingnum er dregur að andláti og jafnvel vaka yfir honum um nætur, ef þess er óskað.

Sjúklingur sem vill skrifta og fá syndaaflausn, svo og meðtaka sakramenti hinna sjúku, þarf að fá að vera í einrúmi með prestinum. Æskilegt er samkvæmt kirkjunni að allir kaþólskir menn meðtaki sakramentin fyrir andlát.

Kaþólskir menn leggja mikið upp úr smurningu sjúkra og deyjandi. Smurning fer þannig fram að prestur ber olíu á enni og hendur sjúklings. Í smurningunni leitar sjúklingurinn heilsu á ný og/eða styrks til að mæta þjáningunni og því sem verða vill. Hafa skal samband við kaþólskan prest ef andlát er yfirvofandi eða strax eftir andlát hafi það borið brátt að. Ekki á að hylja líkamann fyrr en smurning hefur farið fram.

Kaþólskir prestar heimsækja gjarnan trússystem sín á sjúkrabeð.

UMHVERFI

Trúartákn eru kaþólskum mjög mikilvæg og mörgum sjúklingum þykir gott að hafa talnaband, dýrlingamyndir og krosstákn í umhverfi sínu. Festa má talnabandið við kotta sjúklingsins svo hann nái auðveldlega til þess hafi hann getu til. Sérstaka aðgát skal hafa varðandi umgengni við þessa hluti og gæta þess að þeir tynist ekki, þar sem þeir hafa oft mikið tilfinningalegt gildi.

ÚTFÖR OG GREFTRUN

Allir líkamshlutar eiga að vera jarðsettir eða brenndir á viðurkenndan hátt. Kaþólskir eiga samstarf við útfararstofur varðandi útför, greftrun eða bálför.

TENGILÍÐIR

Kaþólska kirkjan, Landakoti Sími: 552-5388 / 562-3878

Maríukirkja Breiðholti Sími: 557-7420

Jósefskirkja Hafnarfirði Sími: 555-0187

St. Franskussystur, Stykkishólmi Sími: 438-1070

Jóhannesarkapella, Ísafirði Sími: 456-3804

Péturskirkja, Akureyri Sími: 462-1119

Landlæknisembættisins: <http://landlaeknir.is/> Á útgáfulista undir „Upplýsingar“

Landspítala háskólasjúkrahúss: www2.landspitali.is/hjukrun/thjonusta

Til minnis:

RÉTTTRÚNAÐARKIRKJAN

Eastern Orthodox

Hin kristna kirkja klofnaði í Austurkirkjuna (grísku rétttrúnaðarkirkjuna) og Vesturkirkjuna (kaþólsku kirkjuna) á 4. öld eftir Krist. Klofningurinn stafaði fyrst og fremst af landfræðilegum ástæðum, en einnig kom til guðfræðilegur ágreiningur er varðaði ákveðin túlkunaratriði, notkun mismunandi helgigripa, viðhorf til hjónabands presta og notkun latínu við messur. Klofningur þessi leiddi til fulls aðskilnaðar Austur- og Vesturkirkjunnar nokkrum öldum síðar. Þær hafa hins vegar færst nær hvor annarri á ný á síðustu áratugum og gildir hið sama um margar aðrar kristnar kirkjudeildir.

Þar sem þjóðkirkjur Austurkirkjunnar eru sjálfstæðar, getur einhver munur verið á milli þeirra hvað varðar áherslur og viðhorf sem þá tengjast e.t.v. fremur menningarlegum en trúarlegum áhrifum.

Rétttrúnaðarkirkjan er stærst í Rússlandi, en hún er einnig útbreidd í Grikklandi, Róméníu, Albaníu, Finnlandi, Póllandi, Tékklandi, meðal serba og víðar í Austur-Evrópu. Nokkur hundruð manns sem tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni hafa flust hingað til lands á undanförunum árum.

HELGISÍÐIR

Í rétttrúnaðarkirkjunni er altarisganga miðlæg í trúarlífinu og ganga flestir til altaris ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Fastað er fyrir altarisgöngur en það er misjafnt hversu löng fastan er eða allt frá 6 klukkustundum (í grísku kirkjunni) upp í tvo daga, það er frá og með föstudegi til sunnudags (í rússnesku kirkjunni). Ekki er lögð áhersla á föstu fyrir altarisgöngu þegar sjúklingar eiga í hlut.

Börn eru venjulega skírð innan 40 daga frá fæðingu. Ef framkvæma þarf skemmriskím og prestur rétttrúnaðarkirkjunnar er ekki til staðar, getur kristinn einstaklingur skírt barnið með því að ausa það vatni og skíra það „til nafns Föðursins, Sonarins og Heilags Anda“.

Samkvæmt hinu gamla tímatali Austurkirkjunnar eru jól haldin 7. janúar og gamlársdagur 14. janúar. Nú orðið á þetta aðallega við um kirkjudeildir í Rússlandi og e.t.v. einhverjum löndum Austur-Evrópu. Í Grikklandi og víðar er nú farið eftir hinu nýja tímatali og því eru jól og áramót á sama tíma og annars staðar í hinum Vestræna heimi.

LÍFSHÆTTIR

Fæðuvenjur

Engar sérstakar fæðuvenjur eru í gildi.

Föstur

Fyrir flesta er fasta mikilvægur þáttur í trúarlífinu. Þó að kirkjan hafi gefið út ákveðnar reglur í þessum efnum þá er það strangt til tekið val einstaklingsins hvort hann fastar eða ekki. Þeir sem fasta, fasta þá helst á miðvikudögum og föstudögum, sem þýðir að þeir borða hvorki kjöt né mjólkurafurðir þessa daga og sumir neyta ekki olífuolíu á föstudögum, á það einkum við um Grikki. Svo kölluð sjö vikna fasta er fyrir páska og jól auk nokkurra annarra föstutímabila yfir árið, sem standa ýmist einn eða fleiri daga í senn. Föstuvenjur fólks í rétttrúnaðarkirkjunni geta verið mismunandi eftir því hvaðan það kemur og hverju það hefur átt að venjast.

Börn og sjúklingar eru undanþegnir föstu.

Hreinlæti

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við þá er tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni sem lýtur að hreinlæti.

Hreyfing

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við þá er tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni sem lýtur að hreyfingu.

Áfengi og aðrir vímugjafar

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við þá er tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni sem lýtur að áfengi og öðrum vímugjöfum.

Reykingar

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við þá er tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni sem lýtur að reykingum.

VIÐHORF TIL FJÖLSKYLDUNNAR

Rétttrúnaðarkirkjan leggur mikið upp úr sterkum fjölskyldutengslum og fjölskylduhátíðum.

VIÐHORF TIL SJÚKDÓMA OG MEÐFERÐAR

Rétttrúnaðarkirkjan er samþykkt hefðbundinni læknismeðferð sem verndar líf og tekur tillit til vilja sjúklingsins. Rétttrúnaðarkirkjan hafnar líknardauða, en er ekki andvíg því að hætta meðferð sem eingöngu viðheldur lífi algjörlega háðu tæknilegri aðstoð.

Orsakir sjúkdóma

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við þá er tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni sem lýtur að orsökum sjúkdóma.

Getnaðarvarnir

Rétttrúnaðarkirkjan er ekki andsnúin getnaðarvörnum, nema þeim sem fela í sér fósturlát s.s. fóstureyðingarpillan.

Fóstureyðingar

Algjört bann er við fóstureyðingum nema líf móður sé í hættu.

Meðganga

Rússneska rétttrúnaðarkirkjan er afar tortryggin á meðgöngueftirlit, sem felur í sér athuganir s.s. sónar eða athugun á fósturgenum án sérstakra tilefna. Almenna reglan er sú að hún samþykkir slíkt aðeins ef óttast er um velferð eða heilsu móður eða barns. Þá er kirkjan andvíg tæknifrjóvgun.

Líffæraflutningar

Ekki er andstaða við líffæraflutninga svo fremi að það sé að vilja sjúklingsins og/eða aðstandenda hans. Einstaklingur getur gefið líffæri úr sjálfum sér til bjargar öðrum. Er þá litið á slíkt sem sjálfsfórn í trúarlegum skilningi og verður einstaklingurinn að gera sér fulla grein fyrir afleiðingunum. Þó er það ekki leyfilegt setji það gefanda í lífs-hættu.

Verkjameðferð

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við þá er tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni sem lýtur að verkjameðferð.

Blóðgjafir

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við þá er tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni sem lýtur að blóðgjöf.

Krufningar

Rétttrúnaðarkirkjan er ekki alfarið á móti krufningu liggi góð læknisfræðileg rök að baki svo og samþykki aðstandenda.

SNERTING

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við þá er tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni sem lýtur að snertingu.

SAMSKIPTI

Fjölskyldur eru vanar að vaka yfir sjúklingi hvort sem hann er deyjandi eða ekki og vilja dveljast sem mest hjá honum.

Lögð er áhersla á að sjúklingur deyi ekki einn. Ef ættingjar og vinir eru ekki til staðar er nauðsynlegt að einhver heilbrigðisstarfsmaður sé hjá sjúklingnum við andlát.

UMÖNNUN SJÚKRA OG DEYJANDI

Ekki eru gerðar aðrar ráðstafanir varðandi umönnun sjúkra og deyjandi en þær sem jafnan gilda við slíkar aðstæður. Þó verður að gera ráð fyrir að aðstandendur geti dvalist sem mest hjá sjúklingnum hvort sem um deyjandi sjúkling er að ræða eða ekki. Sjúklingar eða aðstandendur kunna að vilja hafa einhvern helgigrip í augsýn og eru það þá helst íkonar sem eru helgimyndir, einkennandi fyrir rétttrúnaðarkirkjunna.

Það er einstaklingsbundið val sjúklingsins hvort hann óskar eftir að fasta, skrifta og fá sakrament á sjúkrabeði. Komi þessar óskir fram er rétt að hafa samráð við sjúklinginn, m.a. um það hvort hann þiggi þjónustu annað hvort prests þjóðkirkjunnar eða kaþólsku kirkjunnar, ef prestur rétttrúnaðarkirkjunnar er ekki til staðar. Venjulega

kunna einstaklingar sem tilheyra Austurkirkjunni því vel að prestur heimsæki þá daglega og hafi bænastund við sjúkrabeðið. Það er hluti af trúarlífi þeirra og menningu.

Margir sjúklingar sem tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni vilja deyja heima, nærri fjölskyldu sinni, ef því verður við komið.

Lögð er áhersla á að sjúklingur deyi ekki einn. Hefðin er sú að lesið er úr Biblíunni, einkum úr sálmunum, fyrir deyjandi sjúkling, nema hann óski sérstaklega eftir að slíkt sé ekki gert. Eftir andlátið er gjarnan höfð bænastund og lesnir textar úr sálmunum og kveikt á kerti við íkon.

Venjulega fer umönnun eftir andlát fram á hefðbundinn hátt. Hafa skal samráð við ættingja varðandi sérstakar venjur eða óskir sem þeir kunna að hafa. Þeir gætu til að mynda óskað eftir því að taka þátt í aðhlyningunni.

UMHVERFI

Ekki þarf að gera neinar sérstakar ráðstafanir varðandi umhverfi sjúklings aðrar en þær, að gera ráð fyrir að aðstandendur geti dvalist sem mest hjá honum. Sjúklingar eða aðstandendur gætu kosið að hafa einhvern helgigrip hjá sér og eru það þá helst íkonar (helgimyndir) sem eru einkennandi fyrir rétttrúnaðarkirkjunna.

ÚTFÖR OG GREFTRUN

Jarðaförin fer fram helst innan sólarhrings frá andláti, að höfðu samráði við útfararstofu.

Rétttrúnaðarkirkjan er ekki samþykk bálför.

Minningarguðsþjónusta um hinn látna er síðan haldin 40 dögum eftir andlátið eða jarðaförina (sbr. upprisu Krists). Þessar minningarstundir gegna mikilvægu hlutverki í sorgarferli fjölskyldunnar. Þá tíðkast það í rétttrúnaðarkirkjunni að hafa árlegan minningardag helgaðan framliðnum.

TENGILIÐIR

Sjá vefsíður:

Landlæknisembættisins: <http://landlaeknir.is/> Á útgáfulista undir „Upplýsingar“

Landspítala háskólasjúkrahúss: www2.landspitali.is/hjukrun/thjonusta

Til minnis:

BAHÁ'ÍAR

Bahá'is

Bahá'ítrúin (borið fram bahæ) er upprunnin í Íran (gömlu Persíu) í kringum 1844. Inn-tak trúarinnar er að Guð hefur skapað manninn til þekkingar og tilbeiðslu á sér. Sál mannsins fer til annars heims eftir dauðann, þar sem hún heldur áfram að þroskast og færast nær fullkomnun — það er Guði. Litið er á tilvist mannsins á jörðinni sem stutta viðkomu, einskona millistig þar sem honum ber að þroska sína andlegu eiginleika, sem er nauðsynlegt bæði fyrir þetta líf og hið komandi. Bahá'ítrúin hefur borist víða um heim en fjöldi bahá'ía hér á landi er um 400.

HELGISIÐIR

Helgisiðir bahá'ía felast meðal annars í því að öllum bahá'íum á aldrinum 15-70 ára er ætlað að lesa í helgum ritum trúar þeirra kvölds og morgna, segja hið helgasta nafn Alláh-u-Abhá 95 sinnum, en það merkir Guð er hinn aldýrðlegi. Flestir bahá'íar eiga bænabækur. Þeir stunda ríkt bænalíf, fara með skyldubæn hvern einasta dag svo og opinberaðar bænir trúarinnar. Sjúklingar eru undanskyldir bænahaldi.

Börn eru ekki skírð en allt til 15 ára aldurs er litið á þau sem safnaðarmeðlimi. Við þann aldur staðfesta þau trú sína.

Helgidagar þar sem bahá'íar taka frí frá störfum eru níu á ári. Mánuðirnir eru 19 og í hverjum mánuði eru 19 dagar. Við upphaf hvers mánaðar eru samkomur sem kallast nítjándagahátíð en á þeim dögum koma bahá'íar saman til helgistundar, samveru og samráðs.

Nýárshátíð er að jafndægri að vori, 21. mars. Í tengslum við þá hátíð fasta bahá'íar á aldrinum 15-70 ára í 19 daga frá 2. - 20. mars ár hvert. Á þessum tíma á hvorki að neyta matar né drykkjar frá kl. 6 að morgni til kl. 18 að kveldi. Undanþegnir föstunni eru sjúkir, mæður með börn á brjósti, ófrískar konur, konur með blæðingar, þeir sem vinna erfiðisvinnu og undir vissum kringumstæðum þeir sem eru á ferðalagi.

LÍFSHÆTTIR

Fæðuvenjur

Það ríkja engin sérstök boð eða bönn meðal bahá'ía hvað varðar fæðutegundir. Lögð er þó áhersla á hollustu grænmetis og ávaxta.

Föstur

Bahá'íar á aldrinum 15-70 ára fasta í 19 daga frá 2. - 20. mars ár hvert. Sjá Helgisiðir, bls. 45.

Hreinlæti

Mikil áhersla er lögð á hreinlæti. Bahá'íum er uppálagt að þvo sér reglulega, klæðast hreinum fötum og nota ilmvötn. Þeir mega hvorki drekka né baða sig úr óhreinu vatni og þá borða þeir ekki af sömu diskum og aðrir vegna smithættu.

Hreyfing

Bahá'íar eru hvattir til að hreyfa sig reglulega.

Áfengi og aðrir vímugjafar

Bahá'íar neyta ekki áfengis eða vímuefna en hins vegar má nota áfengi og vímuefni sem hluta af lækni meðferð.

Reykingar

Bahá'íar eru hvattir til að halda sig frá reykingum vegna skaðsemi þeirra. Reykingar eru þó ekki bannaðar.

VIÐHORF TIL FJÖLSKYLDUNNAR

Fjölskyldan og fjölskyldubönd hafa mikla þýðingu fyrir bahá'ía.

VIÐHORF TIL SJÚKDÓMA OG MEÐFERÐAR

Bahá'íar líta á líkamann sem musteri sálarinnar og því er þeim uppálagt að rækta heilsu sína. Ef bahá'íar veikjast er þeim skylt að snúa sér til færustu lækna. Í flestum tilvikum væri um að ræða hefðbundna lækni meðferð en bahá'íar viðurkenna einnig

tilvist óhefðbundinna lækninga. Mæla þeir frekar með notkun ósamsettra lyfja en samsettra.

Orsakir sjúkdóma

Bahá'íar líta svo á að sjúkdómar séu afleiðing rangs lífsmynsturs, rangs mataræðis, ófullnægjandi hreinlætis, vegna smits eða af erfðafræðilegum ástæðum.

Getnaðarvarnir

Aðeins getnaðarvarnir sem hindra getnað eru leyfilegar. Hver og einn verður að ákveða með sjálfum sér hvað skal gera í þeim tilfellum þar sem ekki er vísindalega vitað hvort getnaðarvörmin grípi inn í atburðarás eftir getnað.

Allt frá getnaði er litið á fóstrið sem einstakling með sál.

Fóstureyðingar

Bahá'íar eru á móti fóstureyðingum nema góð lækni fræðileg rök liggi að baki, t.d. ef líf móðurinnar er í hættu.

Meðganga

Á meðgöngu ber móður að fara vel með sig og er hún hvött til að biðja fyrir barninu.

Líffæraflutningar

Bahá'íar eru ekki á móti líffæraflutningum.

Verkjameðferð

Bahá'íar eru ekki á móti verkjameðferð.

Blóðgjafir

Bahá'íar eru ekki á móti blóðgjöfum.

Krufningar

Trúarsamfélagið er ekki á móti krufningum en leggur áherslu á að umgangast verði líkið með virðingu.

SNERTING

Ekkert sérstakt er í trúarritum bahá'ía sem lýtur að snertingu. Þar sem bahá'íar koma frá mismunandi menningarsamfélögum má ætla, að það sem gildir fyrir íslenska bahá'ía varðandi snertingu gildi ekki endilega fyrir bahá'ía með annan menningarbakgrunn.

SAMSKIPTI

Sjúklingurinn kann að óska eftir því að lesið sé úr helgum ritum bahá'ía geti hann það ekki sjálfur.

UMÖNNUN SJÚKRA OG DEYJANDI

Engar sérstakar óskir eru varðandi umönnun sjúklinga fram yfir það sem almennt gerist á heilbrigðisstofnunum. Gera þarf þó ráð fyrir að fjölskylda deyjandi sjúklings geti verið hjá honum eftir því sem kostur er.

Viðhorf bahá'ía til dauðans er að sálin flyst yfir á annað tilverustig þar sem hún heldur áfram að þroskast.

Bahá'íar gera gjarnan erfðaskrá, þar sem þeir taka m.a. fram hvernig standa eigi að útförinni. Óski sjúklingur þess, vitja fulltrúar svæðis- eða þjóðarráðs bahá'ía hans og aðstoða eftir þörfum.

UMHVERFI

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við bahá'ía sem lýtur að umhverfi.

ÚTFÖR OG GREFTRUN

Svæðis- eða þjóðarráð bahá'ía sjá um útförina í samstarfi við útfararþjónustur. Athöfnin getur farið fram í heimahúsum, safnaðarhúsum eða kirkjum. Við útförina er farið með sérstaka greftrunarbæn. Bálför er bönnuð með öllu og á það einnig við um fóstur. Þær reglur gilda hjá bahá'íum að lík er ekki flutt í meira en einnar klukkustundar fjarlægð frá dánarstað.

TENGILIÐIR

Skrifstofa Bahá'í samfélagsins Sími: 567-0344 Netfang: nsa@bahai.is

Landlæknisembættisins: <http://landlaeknir.is/> Á útgáfulista undir „Upplýsingar“

Landspítala háskólasjúkrahúss: www2.landspitali.is/hjukrun/thjonusta

Til minnis:

MORMÓNAR

Mormons

Upphaf trúarsamfélags mormóna, eða öðru nafni, Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, má rekja til þess að manni að nafni Joseph Smith birtist sýn þar sem Guð og Jesú Kristur kölluðu hann til að endurreisa hina sönnu kirkju, sem hann síðan stofnaði í Bandaríkjunum 1830. Mormónar byggja kenningar sínar á biblíunni og eigin helgiritum svo sem Mormónsbók.

Heildarútbreiðsla mormónakirkjunnar er um það bil ellefu milljónir manna, en hér á landi telur söfnuðurinn um 200 manns.

HELGISÍÐIR

Mormónar meðtaka heilagt sakramenti (brauð og vatn) á hverjum sunnudegi. Sjúkum mormóna er gjarnan veitt smurning, handayfirlagning og blessun bæði áður en hann leggst inn á sjúkrahús og meðan á sjúkrahúsdvöl stendur og sjá öldungar safnaðarins um það.

Mormónar nota engin trúartákn.

LÍFSHÆTTIR

Lagt er upp úr heilsusamlegu líferni, fjölbreyttu og hollu matarræði.

Fæðuvenjur

Mormónar borða kjöt en hvetja sérstaklega til neyslu ávaxta og kornmetis. Mormónar neyta ekki kaffis eða tes.

Föstur

Mormónar fasta venjulega í sólarhring, fyrsta sunnudag hvers mánaðar, en fer þó eftir aðstæðum hvers og eins.

Hreinlæti

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við mormóna sem lýtur að hreinlæti.

Hreyfing

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við mormóna sem lýtur að hreyfingu.

Áfengi og aðrir vímugjafar

Mormónar eru bindindismenn á áfengi.

Reykingar

Mormónar eru bindindismenn á tóbak.

VIÐHORF TIL FJÖLSKYLDUNNAR

Mormónar leggja mikið upp úr góðu sambandi hjóna, barna og foreldra. Fjölskyldan endurspeglar kenningar safnaðarins og fjölskyldubönd halda út yfir dauða, það er í eilífðinni.

VIÐHORF TIL SJÚKDÓMA OG MEÐFERÐAR

Mormónar þiggja hefðbundna lækniþjónustu.

Orsakir sjúkdóma

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við mormóna sem lýtur að orsökum sjúkdóma.

Getnaðarvarnir

Notkun getnaðarvarna er háð ákvörðun einstaklingsins.

Fóstureyðingar

Mormónar eru á móti fóstureyðingum nema líf móðurinnar sé í hættu og/eða að getnaður hafi átt sér stað við nauðgun.

Meðganga

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við mormóna sem lýtur að meðgöngu.

Líffæraflutningar

Ekki er andstaða við líffæraflutninga svo fremi að það sé að vilja sjúklingsins og/eða aðstandenda hans.

Verkjameðferð

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við mormóna sem lýtur að verkjameðferð.

Blóðgjafir

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við mormóna sem lýtur að blóðgjöf.

Krufningar

Trúarsamfélagið er ekki á móti krufningu, sé hún álitin nauðsynleg og að samþykki aðstandenda liggja fyrir. Öll líffæri eiga að fylgja líkamanum til greftrunar eftir krufningu.

SNERTING

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við mormóna sem lýtur að snertingu.

SAMSKIPTI

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við mormóna sem lýtur að samskiptum.

UMÖNNUN SJÚKRA OG DEYJANDI

Ekki er óskað eftir öðru en hefðbundinni meðferð og umönnun sjúkra og deyjandi. Mormónar telja þó mikilvægt að skapa næði fyrir sjúklinginn svo hann geti beð-

id eða lesið helga texta, hafi hann vilja og getu til. Ef sjúklingurinn og aðstandendur óska, vitjar forstöðumaður eða öldungar safnaðarins hins sjúka honum til styrktar og blessunar svo og til að aðstoða og styðja við fjölskylduna í veikindunum og við andlát.

Margir mormónar kjósa að klæðast sérstökum undirfötum, svokölluðum musteris-klæðum.

Mormónar trúa á eilíft líf. Viðhorf til dauðans mótast af þeirri hugsun að þegar hann er óumflýjanlegur er litið á hann sem blessun, þar sem hann er eðlilegur hluti lífsins.

Aðhlyning eftir andlát er hefðbundin. Í einstaka tilfellum getur verið að meðlimir trúarsamfélagsins eða aðstandendur óski eftir að fá að taka þátt í aðhlyningunni.

UMHVERFI

Mormónar nota engin trúartákn.

ÚTFÖR OG GREFTRUN

Útför er framkvæmd af forstöðumanni safnaðarins og fer fram samkvæmt hefðum mormóna og hafa aðstandendur og trúarsamfélagið samráð um það. Mormónar þiggja þjónustu útfararstofa.

Lík eru frekar grafin en brennd.

TENGILIÐIR

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu Sími: 554-7102 Fax: 565-5062

Landlæknisembættisins: <http://landlaeknir.is/> Á útgáfulista undir „Upplýsingar“

Landspítala háskólasjúkrahúss: www2.landspitali.is/hjukrun/thjonusta

Til minnis:

VOTTAR JEHÓVA

Jehovah's Witnesses

Trúfélag Votta Jehóva má finna í meira en 200 löndum og voru meðlimir yfir 6 milljónir árið 2000. Upphaf hreyfingarinnar má rekja til Bandaríkjanna á seinni hluta 19. aldar.

Hingað til lands barst hún árið 1929 og telur samfélag þeirra í dag um sex hundruð manns.

HELGISÍÐIR

Í trúarsamfélagi Votta Jehóva fer fram fullorðinsskír en ekki skír barna. Skemmri-skír tíðkast ekki. Algenzt er að Vottar Jehóva lesi Biblíuna eða önnur trúarrit.

LÍFSHÆTTIR

Fæðuvenjur

Engar sérstakar fæðuvenjur gilda í samfélagi Votta Jehóva aðrar en að þeir neyta ekki afurða sem unnar eru úr blóði eða sem blóði hefur verið bætt í.

Föstur

Engar sérstakar föstuvonjur gilda í samfélagi Votta Jehóva.

Hreinlæti

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við Votta Jehóva sem lýtur að hreinlæti.

Hreyfing

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við Votta Jehóva sem lýtur að hreyfingu.

Áfengi og aðrir vímugjafar

Vottar Jehóva nota áfengi í hófi.

Reykjar

Vottar Jehóva reykja ekki.

VIÐHORF TIL FJÖLSKYLDUNNAR

Fjölskyldubönd eru jafnan sterk. Samræður fjölskyldu og vina við sjúkrabeð fela oft í sér trúarlega umræðu.

VIÐHORF TIL SJÚKDÓMA OG MEÐFERÐAR

Vottar Jehóva þiggja þjónustu heilbrigðiskerfisins. Þeir notfæra sér mæðra- og ung-barnaeftirlit og langflestir þiggja bólusetningar. Af trúarlegum ástæðum eru Vottar Jehóva á móti lækni meðferð sem kallar á blóð- eða blóðhlutagjafir. Þeir líta á blóðið sem tákn lífsins og að það stríði gegn vilja Guðs að þiggja blóð úr annarri manneskju og vísa í því sambandi til texta, bæði í Gamla og Nýja Testamentinu. Á þetta jafnt við um neyðartilfelli sem stoðmeðferð. Allir Vottar Jehóva ganga með kort sem segir að þeir hafni blóð- og blóðhlutagjöf. Kortið er undirritað, vottað, dagsett og yfirleitt ekki eldra en ársgamalt þannig að ljóst er að það túlki núverandi afstöðu handhafa. Þar er einnig kveðið á um að spítali og heilbrigðisstarfsmenn séu leystir undan ábyrgð á því tjóni sem sú afstaða sjúklings, að heimila ekki blóðgjöf, kann að hafa í för með sér.

Ef lækni meðferð er fólgin í uppskurði sem kallar á blóðgjöf að álitni læknis er ekki óalgengt að sjúklingurinn leiti álitis annars læknis áður en ákvörðun er endanlega tekin. Ef uppskurður verður ekki umflúinn kann sjúklingurinn að velja þann lækni sem tilbúinn er að framkvæma aðgerðina án þess að grípa til blóðgjafar eða að öðrum kosti hafna uppskurði. Söfnuðurinn hefur birt lista með ábendingum um lækni meðferð án blóðgjafar. Spítalasamskiptanefnd safnaðarins veitir frekari upplýsingar ef með þarf.

Ekki er andstaða við notkun blóðskilunarvéla (dialysu) og hjarta- og lungnavéla. Þá er ekki haft á móti blóð- og röntgenrannsóknnum né heldur meðferð eins og geislameðferð.

Orsakir sjúkdóma

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við Votta Jehóva sem lýtur að viðhorfi til orsaka sjúkdóma.

Getnaðarvarnir

Notkun getnaðarvarna ákvarðast af einstaklingnum sjálfum.

Fóstureyðingar

Fóstureyðingar eru ekki leyfðar.

Meðganga

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við Votta Jehóva sem lýtur að meðgöngu.

Líffæraflutningar

Líffæraflutningur er háður samþykki sjúklingsins og/eða aðstandenda.

Verkjameðferð

Afstaða til verkjalyfja er einstaklingsbundin en almennt hafa safnaðarmenn ekkert á móti þeim.

Blóðgjafir

Af trúarlegum ástæðum eru Vottar Jehóva á móti lækni meðferð sem kallar á blóð eða blóðhlutagjafir. Þá er það einstaklingsbundið hvort menn þiggja ónæmisglóbúlín og gildir það einnig almennt um alla aðra blóðþætti, svo sem storkuþætti og einnig albúmín. Upplýsa þarf sjúklinginn um hvort lyf sem honum eru ætluð innihalda einhverja þætti sem unnir eru úr blóði manna eða dýra. Þeir hafna ekki öðrum hjálparmeðulum við blóðmissi ef þeim verður viðkomið svo fremi að þau innihaldi ekki blóð eða blóðhluta. Söfnuðurinn hefur birt lista með ábendingum um lækni meðferð án blóðgjafa. Spítalasamskiptanefnd safnaðarins veitir frekari upplýsingar ef með þarf.

Krufningar

Krufning í rannsóknarskyni eða til að staðfesta dánarorsök er háð samþykki aðstandenda.

SNERTING

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við Votta Jehóva sem lýtur að snertingu.

SAMSKIPTI

Góðar upplýsingar til fjölskyldunnar um ástand og horfur sjúklingsins eru vel þegnar.

Vottar Jehóvar leggja áherslu á góða hlustun, heiðarlega og opna umræða um álitamál tengd blóðgjöf, eins og önnur viðkvæm mál sem upp kunna að koma í meðferð og umönnun.

Trúarsamfélagið vill gjarnan veita einstæðingum innan samfélagsins alla þá aðstoð sem þeir geta og óska því eftir að haft verði samband við samfélagið beri svo undir og óski sjúklingur þess.

UMÖNNUN SJÚKRA OG DEYJANDI

Umönnun sjúkra og deyjandi sjúklinga og aðstandenda þeirra er ekki frábrugðin því sem almennt gildir við slíkar aðstæður inn á sjúkradeildum eða í heimahúsum.

Vottar Jehóva líta ekki á dauðann sem endalok alls, heldur byggir trú þeirra á von um eilíft líf. Því mæta þeir dauðanum í trú og trausti á uppristu líkamans í jarðneskri paradís.

Venjulega er ekki óskað eftir nærveru sjúkrahússprests eða annars prests heldur sjá umsjónarmenn safnaðarins og aðrir safnaðarmenn um sálusorgun.

UMHVERFI

Vottar Jehóva leggja áherslu á friðsælt umhverfi og að aðstandendur geti verið nærri sjúklingum.

Það er einstaklingsbundið hvort safnaðarmenn vilja blóm við dánarbeð eða ekki. Fæstir vilja að kveikt sé á kerti. Vottar Jehóva nota ekki trúartákn svo ekki er óskað eftir neinum slíkum við dánarbeð.

ÚTFÖR OG GREFTRUN

Útför er að jafnaði gerð frá samkomuhúsum Votta Jehóva. Þó kunna sumir safnaðarmenn að kjósa að nota útfararkapellur. Vottar Jehóva nota þjónustu útfararstofa.

TENGILIÐIR

Vottar Jehóva, Sogavegi 71, Reykjavík: Sími: 533-1660.
Netfang: vottar@mmedia.is

Sjá einnig vefsíður:

Landlæknisembættisins: <http://landlaeknir.is/> Á útgáfulista undir „Upplýsingar“

Landspítala háskólasjúkrahúss: www2.landspitali.is/hjukrun/thjonusta

Til minnis:

TAÓISMI — Kínversk heimspeki

Taoism

Engin opinber trú er í Kína og kenna Kínverjar sig yfirleitt ekki við nein tiltekin trúarbrögð. Þrátt fyrir það eru trúarviðhorf þeirra allt í senn margbreytileg og sundurleit og mótask af heimafengnum og aðfluttum viðhorfum, þar sem guðshugmyndin er á engan hátt skýr. Það er einkum þrennt sem stendur upp úr þegar reynt er að fá yfirlit yfir trúarlíf Kínverja. Í fyrsta lagi eru það kenningar Konfúsíusar þar sem lögð er áhersla á hlutverk einstaklingsins í samfélaginu og í öðru lagi er það taóismi. Báðar þessar stefnur eiga upptök sín í Kína fyrir um 2500 árum og hafa því mótað kínverskt samfélag um aldir og haft mikil áhrif á kínverska menningu og hugsun. Í þriðja lagi er það búddatrú sem barst til Kína á fyrstu öld okkar tímatafs. Ekki eru alltaf skýr mörk hvar eitt viðhorfið endar og hvar annað tekur við.

Taóismi er afar umfangsmikið og flókið fyrirbæri. Honum er helst lýst sem heimspækistefnu með trúarlegu ívafi. Það má segja að stefnan móti lífsskoðun Kínverja og hafi áhrif á viðhorf þeirra til nánast allra hluta. Í taóisma er gengið út frá einingu alls heimsins, að taó sé upphaf alls, kraftur sem býr að baki öllum hlutum bæði sýnilegum og ósýnilegum og hafi áhrif á allt. Þessi kraftur samanstendur af tveim andstæðum öflum yin og yang. Hvort aflið um sig hefur sína sérstöku eiginleika sem með samspili sínu og eða víxláhrifum leitast við að halda jafnvægi í eilífri hringrás náttúrunnar þ.e. milli jarðar, manns og himins. Þannig eru yin og yang ekki bara andstæð öfl heldur geta þau einnig verið samstæður, unnið saman og bætt hvort annað upp.

Ekki er vitað hvort þeir Kínverjar sem búsettir eru hér á landi aðhyllist almennt taóisma. Hinsvegar gætir áhrifa hugmyndafræðinnar í lífsmynstri, fæðuvali og viðhorfum almennings til sjúkdóma og heilbrigðis víða um lönd Asíu.

HELGISIÐIR

Engir sérstakir helgisiðir tíðkast en forfeðradýrkun er rík í arfleifðinni. Álitnið er að andi forfeðranna sé á sveimi og geti refsað eða verðlaunað fyrir slæmar eða góðar gjörðir, eftir því sem við á. Því er reynt að halda öndum þeirra góðum með ýmsum ráðum. Kínverjar búa sér gjarnan til altari þar sem þeir geta fært forfeðrunum fórnir, t.d. með því að færa þeim pappírblóm, mat eða brenna reykelsi.

Kínverjar halda upp á nokkrar þjóðlegar hátíðir en stærst er hátíð vorsins í febrúar. Einnig halda flestir Kínverjar sem eru búsettir hér á landi upp á jól og áramót.

LÍFSHÆTTIR

Fæðuvenjur

Þó að matarvenjur Kínverja séu nokkuð breytilegar leggja flestir mikið upp úr reglulegu og „réttu“ mataræði og telja að koma megi í veg fyrir sjúkdóma og ýmsa kvilla á þann hátt. Þeir gæta þess vandlega að jafnvægi ríki á milli yin þ.e. kaldrar og yang þ.e. heitrar fæðu. Er þá átt við fæðutegundir fremur en hitastig. Þumalputtareglan er sú að grænmeti og ávextir eru oftast meira yin en dýraafurðir eru þá frekar yang, þó að undantekningar megi finna á því. Yin fæði kælir líkamann meðan yang eykur brennslu og eykur þar með hita í líkamanum, annað mótverkar hitt, þannig er leitast við að viðhalda jafnvægi.

Neysla mjólkurafurða er talin góð fyrir börn sem eru að vaxa en ekki fyrir þá sem eldri eru. Fyrir eldra fólk er lögð áhersla á grænmeti, soyjabaunamjólki og tófu svo eitthvað sé nefnt. Þá drekka þeir frekar te en kaffi.

Föstur

Í taoisma gilda engar sérstakar föstvenjur.

Hreinlæti

Viðhorf til hreinlætis eru þau sömu og þekkjast í íslensku samfélagi.

Hreyfing

Margir sem aðhyllast taóisma stunda daglega „Taó Ji“ líkamsæfingar og hugleiðslu (einskonar joga) sem leið til að hvíla hugann.

Áfengi og aðrir vímugjafar

Engin andstaða er við hóflegri notkun áfengis.

Reykingar

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við þá er aðhyllast taóisma sem lýtur að reykingum.

VIÐHORF TIL FJÖLSKYLDUNNAR

Viðhorf til fjölskyldunnar byggir á kenningum Konfúsíusar. Lítið er á fjölskylduna sem grunneiningu samfélagsins, þar sem hver einstaklingur hefur ákveðna stöðu svo og ákveðnar skyldur gagnvart foreldrum og þeim sem eldri eru. Ákvörðunarvaldið liggur fremur hjá þeim sem elstur er innan fjölskyldunnar en hjá einstaklingnum sjálfum. Fjölskyldubönd eru sterk og er hagur einstaklingsins látinn víkja fyrir heildarhagsmunum fjölskyldunnar. Mikil áhersla er lögð á að allir fjölskyldumeðlimir haldi uppi heiðri fjölskyldunnar.

VIÐHORF TIL SJÚKDÓMA OG MEÐFERÐAR

Kínversk læknisfræði á upptök sín í heimspeki og heimsýn Kínverja. Hún byggir á kenningunni um samspil líkama og sálar. Áhersla er á orkuflæði líkamans sem berst eftir ákveðnum brautum milli allra líkamshluta og er á stöðugri hreyfingu. Stíflist einhver þessara brauta og ójafnvægi verður, veldur það sjúkdómum. Álítið er að ná megi til allra innri líffæra mannsins í gegnum orkubrautirnar með því að meðhöndla ákveðin svæði á yfirborði líkamans með nálarstungum, þrýstinuddi og með einhvers konar sögi eftir því sem við á. Þá eru ýmis jurtalyf svo og mataræði notað til að fyrirbyggja og/eða lækna sjúkdóma. Til að hægt sé að tala um heilbrigði þarf yin og yang að vera í jafnvægi. Þá telja Kínverjar að greina megi sjúkdóma einungis með því að þreifa púlsinn. Sú aðferð krefst áralangrar þjálfunar og getur tekið allt að 1-2 klst. að gera sjúkdómsgreiningu.

Kínverjar sem flust hafa til Vesturlanda nýta sér þá læknisþjónustu sem er í boði, en leita oft til læknis seinna en æskilegt er. Þeir reyna gjarnan fyrst að meðhöndla veikindi sín og annarra fjölskyldumeðlima með þeim ráðum sem þeir best kunna í ljósi yin/yang hugmyndafræðinnar, einkum með mataræði “heitu eða köldu” eftir því hver kvillinn er, svo og með þrýstinuddi og jurtalyfjum. Ástæða þess að þeir leita oft seint til læknis kann að vera meðal annars sú, að enn fyrirfinnst það viðhorf að sjúkdómar geti verið refsing vegna slæmra gjörða. Þá hafa þeir trú á eigin læknisfræði, en viðurkenna að hún er oft seinvirkari en sú vestræna, einkum er varðar meðhöndlun sýkinga. Þá fyrirfinnst sú skoðun að þegar um vestræn lyf er að ræða sé óæskilegt að taka margar mismunandi tegundir á sama tíma.

Orsakir sjúkdóma

Enn ríkir það viðhorf meðal sumra að sjúkdómar og fatlanir séu afleiðing slæmra gjörða.

Getnaðarvarnir

Almennt er ekkert haft á móti getnaðarvörnum. Hins vegar er talið æskilegt að kona noti ekki p-pilluna fyrr en eftir að hún hefur ákveðið að eiga ekki fleiri börn, þar sem notkun hennar fyrir barnsburð er álitin geta haft óæskileg áhrif.

Fóstureyðingar

Fóstureyðingar eru háðar ákvörðun einstaklingsins.

Meðganga

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við þá er aðhyllast taóisma sem lýtur að meðgöngu.

Líffæraflutningar

Ekkert er haft á móti líffæraflutningum.

Verkjameðferð

Engin mótstaða er við notkun verkjalyfja.

Blóðgjafir

Ekki er haft á móti blóðgjöf, en talið er æskilegt að blóðið komi frá einhverjum ættingja, ef því verður við komið.

Krufningar

Ekki er andstaða við krufningu ef hún er nauðsynleg.

SNERTING

Að snerta aðra manneskju er ekki viðtekin venja. Að heilsast með handabandi er mörgum framandi. Ókunnugir ættu til dæmis ekki að snerta höfuð annarrar manneskju að óþörfu þar sem sumir álíta það heilagt. Einföld athöfn eins og að strjúka andlit eða höfuð sjúklings getur valdi sjúklingi erfiðleikum, hann gæti upplifað það sem ákveðna vanvirðingu við sig.

SAMSKIPTI

Ekki er alltaf hægt að meta líðan einstaklinga af framkomu þeirra, glaðlegt yfirbragð þarf ekki endilega að þýða vellíðan. Arfleifðin felur í sér hógvæð og allt að því undirgefni gagnvart þeim sem álitnir eru æðra settir í þjóðfélagsstiganum. Sjálfsagt er því að nota tulkþjónustu þegar ræða þarf mikilvæg mál.

Það viðhorf er algengt að ekki beri að segja sjúklingnum frá því í byrjun hversu alvarlegt ástand hans er, því það kunnir að valda honum auknu álagi og getur orðið til þess að hann verði enn veikari. Hins vegar vilja sjúklingar, einkum karlmenn, vita þegar dregur að lokum lífs svo þeir geti gert ráðstafanir s.s. að undirbúa jarðarför sína, m.a. ákveða í hvaða fatnaði þeir verði lagðir til grafar í.

UMÖNNUN SJÚKRA OG DEYJANDI

Fyrir utan hefðbundna umönnun getur heilbrigðisstarfsfólk hvað best stutt við sjúklinginn með því að sýna honum og viðhorfum hans skilning. Einnig að vera meðvitaður um að viðhorf og óskir sjúklingsins geta verið blandaðar trúarlegu ívafi jafnt úr kristni, búddatrú og taóisma auk þess að vera blandaðar af menningu og hefðum hvers og eins.

Flestir þeir sem aðhyllast taóisma trúa á líf eftir dauðann, það er að andi mannsins taki sér bólfestu í nýjum líkama síðar. Lítið er á dauðann sem eðlilegan þátt af lífinu og ber manninum að búa sig undir hann. Þegar líður að lokum lífs vill sjúklingurinn og aðstandendur hans vita ef um ólæknandi sjúkdóm er að ræða svo hægt sé að undirbúa vel brottförina úr þessum heimi. Sjúklingurinn gæti kosið að hitta búddamunk, prest eða einhvern ábyrgan úr samfélagi þeirra til að ganga frá atriðum varðandi jarðarförina. Aðstandendur útbúa ef til vill lítið altari í herbergi sjúklingsins, einkum ef hann dvelur heima, og setja þar á reykelsi, olíu, pappírsblóm og kerti, sem látið er loga yfir nótt ef aðstæður leyfa.

Fjölskyldan kann að bera sig mismunandi að við dánarbeiðið en ákveðnar hefðir eru til varðandi umönnun eftir andlát. Ein þessara hefða er að ættingjar þvo hinum látna með sérstakri blöndu af vatni, sem álitnið er að innihaldi verndandi anda. Líkið er þvegið oftar en einu sinni ef talin er þörf á aukinni vernd andanna, eða þá að það er þakið bókstrum sem er önnur aðferð við að halda illum öndum frá. Þá er hinn látni klæddur í fót sem valin hafa verið af ættingjum eða af sjúklingnum sjálfum nokkru fyrir andlátið.

Ættingjar og vinir votta hinum látna virðingu sína og færa honum gjafir sem fylgja með í gröfina.

UMHVERFI

Ekkert sérstakt hefur komið fram í gögnum eða viðræðum við þá er aðhyllast taóisma sem lýtur að umhverfi sjúklings.

ÚTFÖR OG GREFTRUN

Mikið er um venjur og hefðir er tengjast dauðanum og útförinni. Miða þær að því að halda forfeðrunum góðum svo að hinum látna farnist vel á leið hans yfir á næsta tilverustig. Það er sameiginlegt Kínverjum að þeir óska sér eðlilegs dauðdaga og að útförin fari fram með sæmd. Tengist þetta trúarviðhorfi þeirra, þ.e. sá sem ekki fær virðulega útför hefur ekki lifað góðu lífi. Eftir jarðarförina hefst svo hinn formlegi sorgartími. Ekki þykir við hæfi að sýna sterk sorgarviðbrögð, þar sem lítið er á sjálfsstjórn sem dyggð. Þó tíðkast meðal sumra að fá svokallaðar grátkonur við jarðaförina.

Venjulega fer fram bálför.

TENGILIÐIR

Sjá vefsíður:

Landlæknisembættisins: <http://landlaeknir.is/> Á útgáfulista undir „Upplýsingar“

Landspítala háskólasjúkrahúss: www2.landspitali.is/hjukrun/thjonusta

Til minnis:

HEIMILDASKRÁ

- Eckel, M. D. (1998). Búddasiður. M. D. Coogan (ritstj.). Trúarbrögð heimsins, í mynd og máli. Íslensk þýðing eftir Ingunni Ásdísardóttur. (bls.164-197) Reykjavík: Mál og Menning.
- Ehrlich, C. S. (1998). Gyðingdómur. M. D. Coogan (ritstj.). Trúarbrögð heimsins, í mynd og máli. Íslensk þýðing eftir Ingunni Ásdísardóttur. (bls.16-51) Reykjavík: Mál og Menning.
- Gerardi, R. (1989). Western Spirituality and Health Care. In V. B. Carson (Ed.). Spiritual Dimensions of Nursing Practice. Philadelphia: Harcourt Brace and Company.
- Gordon, M. S. (1998). Islam. M. D. Coogan (ritstj.). Trúarbrögð heimsins, í mynd og máli. Íslensk þýðing eftir Ingunni Ásdísardóttur. (bls.90-123) Reykjavík: Mál og Menning.
- Hagstofa Íslands (2000). Landshagir: Mannfjöldi eftir fæðingar- og ríkisfangslandi 31. desember 1999. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands (2000). Landshagir: Mannfjöldi eftir trúfélögum 1. desember 1999. Statistical yearbook of Iceland 2000. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hale, R. D. (1998). Kristindómur. M. D. Coogan (ritstj.). Trúarbrögð heimsins, í mynd og máli. Íslensk þýðing eftir Ingunni Ásdísardóttur (bls. 54-87) Reykjavík: Mál og Menning.
- Klessig, J. (1992). The Effect of Values and Culture on Life-Support Decisions. The Western Journal of Medicine. 157 (3), 316-321.
- Koenig, B. A; Gates-Williams, J. (1995). Understanding Cultural Difference in Caring for Dying Patients. The Western Journal of Medicine, 163 (3), 244-249.
- Kokkenen, P. et.al. (1986). Vård av döende med hänsyn till religion och övertygelse. Helsinki; Medicinalstyrelsen.
- Lea, A. (1994). Nursing in today's multicultural society: a transcultural perspective. Journal of Advanced Nursing, 20, 307-313.
- Martin, J. P. (1989). Eastern Spirituality and Health Care. In V. B. C. (Ed.). Spiritual Dimensions of Nursing Practice. Philadelphia:Harcourt Brace and Company.

Narayanan, V. (1998). Hindúasiður. M. D. Coogan (ritstj.). Trúarbrögð heimsins, í mynd og máli. Íslensk þýðing eftir Ingunni Ásdísardóttur. (bls.126-161) Reykjavík: Mál og Menning.

Neuberger, J. (1994). Caring For Dying People of different Faiths. London: Mosby

Oldstone-Moore, J. (1998). Kínversk trúarbrögð. M. D. Coogan (ritstj.). Trúarbrögð heimsins, í mynd og máli. Íslensk þýðing eftir Ingunni Ásdísardóttur. (bls.200-235) Reykjavík: Mál og Menning.

Sigurbjörn Einarsson (1962). Helstu trúarbrögð heims. Reykjavík; Almenna bókafélagið.

Sigurbjörn Einarsson (1994). Trúarbrögð mannkyns. Reykjavík; Skálhotsútgáfan.

Wray, L. A. (1992). Health Policy and Ethnic Diversity in Older Americans. Dissonance or Harmony? The Western Journal of Medicine, 157 (3), 357-361.

Eftirtaldi aðilar veittu ómetanlega aðstoð við gerð þessa rits með góðum ábendingum og upplýsingum er tengjast trúarsamfélögum þeirra. Fáí þeir bestu þakkir fyrir.

Baháísamfélagið: Þorkell Ágúst Óttarsson, Robert Badí Baldursson.

Búddismi: Robert Eddison, Búddistafélagi Íslands; Andrea Sompit Siengboon, tælenskir búddistar; Katrín Thuy Ngo, vietnamskir búddistar; Kelsang Drubchen, Sigrún Elín Birgisdóttir, Karuna, samfélag Mahayana búddista.

Gyðingdómur: Aliza H. L. Kjartansson.

Hindúatrú: Harpa Jósefsdóttir Amin, Prashant Kumar.

Islam: Salmann Tamimi, Félagi Múslima á Íslandi.

Kapólska kirkjan: Séra A. George.

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu: Bárður Gunnarsson.

Rétttrúnaðarkirkjan: Þóra Valsteinsdóttir Tsoukalas, gríski rétttrúnaðurinn; Jón Ólafsson, Ksenía Ólafsson, rússneski rétttrúnaðurinn.

Taóismi: Gao Li.

Vottar Jehóva: Svanberg K. Jakobsson og Páll Pedersen,

Tengiliðir

Bahá'íar:

Skrifstofa Bahá'í samfélagsins, sími: 567-0344, netfang: nsa@bahai.is

Búddistar:

Búddistafélag Íslands: Robert Eddison, sími: 551-1684, GSM: 865-0300

Víetnamskir búddistar:

Katrín Thuy Ngo, sími: 552-3564, GSM: 695-5073

Tælenskir búddistar:

Andrea Somphit Siengboon, sími: 564-5825, GSM: 896-2170

Karuna, samfélag Mahayana búddista:

Kelsang Drubchen og Sigrún Elín Birgisdóttir, sími: 554-0937, GSM: 861-8120

Félag Múslima á Íslandi:

Salmann Tamimi, H-sími: 567-4885, GSM: 862-8534.

Gyðingar:

Aliza H.L. Kjartansson, H-sími: 555-0559, GSM: 699-8877
Michael Levin, GSM: 892-4007

Hindúar:

Harpa Jósefsdóttir Amin, H-sími: 568-9574, GSM: 896-9574

Kapólska kirkjan:

Kapólska kirkjan, Landakoti, sími: 552-5388 / 562-3878
Marúkirkja Breiðholti, sími:557-7420
Jósefskirkja Hafnarfirði, sími:555-0187
St. Fransiskussystur, Stykkishólmi, sími: 438-1070
Jóhannesarkapella, Ísafirði, sími: 456-3804, GSM. 851-1185
Péturskirkja, Akureyri, sími: 462-1119

Mormónar:

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, sími: 554-7102, fax: 565-5062

Rússneska rétrúnaðarkirkjan:

Ksenía Ólafsson, H-sími: 551-0451, GSM: 699-0451

Taoismi:

Vottar Jehova:

Vottar Jehova, Sogavegi 71, Reykjavík, sími: 533-1660, Netfang: vottar@mmedia.is
Páll Pedersen, sími: 533-1660, 553-9749, 863-1657.
Svanberg K. Jakobsson, sími: 533-1660, 553-1563, 897-1563
Guðmundur H. Guðmundsson, sími: 552-0426
Jóhann Sigurðsson, sími:587-5800, 564-5350, 896-1510

Útbreiðsla helstu trúarbragða heims



From World Religions, 3rd edition, by W. Matthews. ©1999.
Reprinted with permission of Wadsworth, an imprint of the Wadsworth Group,
a division of Thomson Learning.
Fax 800 730-2215